

Apríl 2024



Skýrsla starfshóps um Listasafn Íslands

- Greining á stöðu og tillögur

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Skýrsla starfshóps um Listasafn Íslands – greining á stöðu og tillögur

Apríl 2024

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2024 Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
1. Forsaga, lagaumhverfi og hlutverk.....	7
2. Impressions from the National Gallery of Iceland. A view from abroad by Mikkel Bogh.....	11
3. Stefnuyfirlýsing Listasafns Íslands – sýn safnstjóra.....	14
4. Sýningar- og miðlunarrými.....	15
4.1 Sýningar- og miðlunarrými safnsins.....	15
4.2 Ákjósanleg staða sýningar-, miðlunar- og stoðryma.....	21
4.3 Staða innanlands og erlendis til samanburðar.....	24
5. Safneign – varðveisla og þróun.....	26
5.1 Hlutverk Listasafns Íslands í verndun og varðveislu.....	26
5.2 Innkaup og söfnun verka.....	26
5.3 Ákjósanleg staða innkaupa og söfnunar.....	27
5.4 Staða erlendis til samanburðar.....	29
5.5 Forsaga og staða varðveislurýma.....	30
5.6 Ákjósanleg staða varðveislurýma.....	34
5.6.1 Tegund verka og geymslupörf.....	34
5.6.2 Tillaga að skipulagi á tveimur hæðum í nýju varðveisluhúsnæði.....	40
5.7 Staða innanlands til samanburðar.....	40
6. Sýningarhald og útgáfa.....	41
6.1 Sýningarhald og útgáfa safnsins.....	41
6.1.1 Yfirlitssýningar/fastasýningar.....	41
6.1.2 Breytilegar sýningar/rannsóknarsýningar.....	42
6.2 Ákjósanleg staða.....	43
6.3 Staða erlendis til samanburðar.....	46

7. Kynning og miðlun.....	47
7.1 Kynning og miðlun safnsins	47
7.2 Ákjósanleg staða.....	50
7.3 Staða erlendis til samanburðar	51
8. Forystuhlutverk og þróun.....	52
8.1 Forystuhlutverk safnsins	52
8.2 Ákjósanleg staða.....	52
8.3 Staða erlendis til samanburðar	53
9. Valkostagreining og tillögur	54
10. Niðurstöður.....	57
11. Heimildir	59

Útdráttur

Pingsályktun um myndlistarstefnu var samþykkt á Alþingi 10. maí 2023. Með henni ályktar Alþingi að fela menningar- og viðskiptaráðherra að vinna að framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar í myndlist sem miði að því að efla myndlistarmenningu landsins. Í aðgerðaráætlun eru 18 aðgerðir sem er ætlað að tryggja framgang myndlistar í landinu. Í aðgerð 5 er fjallað um greiningu á stöðu Listasafns Íslands. Þar er mælt til að stofnaður verði starfshópur sem móti framtíðarsýn fyrir uppbyggingu höfuðsafns á heimsmælikvarða. Byggt verði á heildstæðri þarfagreiningu um húsnæðismál, forystuhlutverk, sýningarhald, söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknir, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar.

Starfshópur skipaður tilnefndum aðilum á haustmánuðum 2023 vann greiningu á stöðu Listasafns Íslands út frá áðurnefndum atriðum. Hugað var að innlendum og erlendum samanburði eftir því sem við átti.

Við vinnu hópsins var fljótt ljóst að ástand húsnæðismála safnsins myndi móta heildarumræður starfshópsins. Safnið hefur verið í sama húsnæði frá árinu 1987 en hluti þess húsnæðis var upphaflega hannaður sem íshús. Safnstjórar og starfsfólk safnsins hafa í gegnum árin gert sitt besta til að aðlaga starfsemi að auknum kröfum sem gerðar eru til safnastarfs og varðveislu, fjölbreyttrar safneignar og miðlunar listasögunnar til ólíkra hópa um allt land. Þrátt fyrir að hafa leitast við að aðlaga starfsemi safnsins að húsnæðinu hefur sýningarrými, stoðrymi og varðveislurými verið til trafala. Húsnæðishluti skýrslunnar vegur því þyngra en aðrir kaflar enda telur starfshópurinn að hægt sé að leysa flest vandamál sem safnið stendur frammi fyrir með breyttu og stærra húsnæði. Það var því mat hópsins að brýnasta úrlausnarefni safnsins væri að koma öllum safnkosti Listasafns Íslands undir eitt þak í varðveislurými sem stenst kröfur um varðveislu safnkostsins og öryggi starfsfólks.

Listasafn Íslands býr ekki yfir húsnæði til að sýna yfirlitssýningu á íslenskri myndlist eins og þekkt annars staðar á Norðurlöndunum og í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Til þess er sýningarrými safnsins við Fríkirkjuveg of lítið. Þrátt fyrir að safnið hafi fengið Safnahúsið til umræða þá hentar sú bygging illa sem sýningarhús, enda alfriðuð bygging og rúmar ekki samtímaverk. Listasafninu hefur þó tekist að nýta húsið með sýningunni Viðnám sem er sérstaklega hugsuð fyrir börn og ungmenni og í fræðslutilgangi. Að mati starfshópsins þyrfti safnið að hafa bolmagn og aðstöðu til að setja upp vel unna og yfirgripsmikla fastasýningu þar sem mikilvæg listaverk geta notið sín til fullnustu í sérhönnuðu sýningarrými. Auk fastasýningarinnar ætti safnið að geta sett upp breytilegar sýningar og að lágmarki eina sýningu á erlendri list á hverju ári.

Starfshópurinn leggur til að innihaldi skýrslunnar verði komið til FSRE til meðferðar. FSRE fari í frumathugun á húsnæði, annars vegar fyrir varðveislurými

safnkosts Listasafns Íslands undir einu þaki og hins vegar á sýningarrými safnsins. Í frumathuguninni verði fjallað um valkosti, þeir kostnaðarmetnir og einn þeirra valinn til frekari útfærslu. Frumathugun getur einnig eftir atvikum fjallað um tímabundnar ráðstafanir sem nauðsynlegt er að ráðast í meðan framtíðalausn frumathugunar verður að veruleika.

1. Forsaga, lagaumhverfi og hlutverk

Þingsályktun um myndlistarstefnu var samþykkt á Alþingi 10. maí 2023. Með henni ályktar Alþingi að fela menningar- og viðskiptaráðherra að vinna að framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar í myndlist sem miði að því að efla myndlistarmenningu landsins. Í aðgerðaráætlun eru 18 aðgerðir sem er ætlað að tryggja framgang myndlistar í landinu. Í aðgerð 5 er fjallað um greiningu á stöðu Listasafns Íslands. Þar er mælt til að stofnaður verði starfshópur sem móti framtíðarsýn fyrir uppbyggingu höfuðsafns á heimsmælikvarða. Byggt verði á heildstæðri þarfagreiningu um húsnaðismál, forystuhlutverk, sýningarhald, söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknir, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar. Í stefnunni er tilgreint að ráðherra skipi starfshóp samkvæmt tilnefningu hagaðila. Óskað var eftir tilnefningum frá FSRE, Listfræðafélagi Íslands og SÍM.

Starfshópurinn skipuðu:

Guðmundur Möller, tilnefndur af FSRE,

Heiðar Kári Rannversson, tilnefndur af Listfræðafélagi Íslands,

Helgi Einarsson, sérfræðingur í menningar- og viðskiptaráðuneyti,

Hildur Jörundsdóttir, sérfræðingur í menningar- og viðskiptaráðuneyti,

Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands,

Mikkel Bogh, prófessor við Háskólann í Kaupmannahöfn og fyrrv. safnstjóri Þjóðarlistasafns Danmerkur – Statens Museum for Kunst,

Sigurður Árni Sigurðsson, tilnefndur af SÍM.

Starfshópurinn tók til starfa á haustmánuðum 2023 og er þessi skýrsla afurð þeirrar vinnu sem hann innti af hendi. Starfshópurinn hittist alls níu sinnum, auk þess sem fjöldi hliðarfunda fór fram í smærri einingum.

Í framtíðarsýn stefnunnar segir m.a. að á Íslandi ríki kraftmikil og lifandi myndlistarmenning og myndlistarstarfsemi. Myndlist leiki stórt hlutverk í samfélaginu; hún sé órjúfanlegur hluti af menntun, þroska og daglegu lífi fólks um allt land, óháð aðstæðum. Myndlist eigi vaxandi samfélagslegu hlutverki að gegna og stuðli að gagnrýninni og skapandi hugsun og umræðu. Í framtíðarsýninni er einnig talað um að starfsemi listasafna þjóni þörfum síbreytilegs samfélags og að íslensk myndlist veki athygli og marki sér stöðu innan alþjóðlega listheimsins. Að lokum segir í framtíðarsýninni að myndlist á Íslandi hafi aðdráttarafl fyrir þátttakendur í alþjóðlegu myndlistarlífi. Í stefnunni eru sett fram fjögur meginmarkmið og ýmis áhersluatriði eru undir hverju meginmarkmiði til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika. Lögð er m.a.

áhersla á aukið samstarf skólakerfis og listasafna, að Listasafn Íslands verði eftir í hlutverki sínu sem höfuðsafn, miðstöð safnastarfs og þátttakandi í alþjóðlegu safnastarfi. Þá er viðurkenndum söfnum ætlað að leita til Listasafns Íslands eftir faglegri aðstoð enda hafi safnið forystu í söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknnum, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar. Einnig verði samstarf og samtal eftir á milli listasafna, háskólasamfélags, myndlistarmanna, nemenda og annars fagfólks. Listasafni Íslands, ásamt öðrum listasöfnum landsins, sé ætlað stórt hlutverk við framkvæmd stefnunnar svo að framtíðarsýn hennar raungerist.

Listasafn Íslands starfar samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 og reglugerð nr. 171/2014. Í II. kafla myndlistarlaga er fjallað um Listasafn Íslands. Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og er höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, og vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. Í lögnum kemur einnig fram að Listasafn Íslands skuli leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og miðla bæði innan lands og utan. Listasafn Íslands skal kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar. Leitast skal við að safnkosturinn endurspegli sem best strauma og stefnur í íslenskri og alþjóðlegri myndlist á hverjum tíma. Listasafn Íslands skal afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri myndlist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknarstarfa. Safnið skal annast fræðslustarfsemi um myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.

Björn Bjarnarson, aðstoðarmaður konungsfógeta, átti frumkvæðið að stofnun Listasafns Íslands árið 1884 og í kjölfarið gáfu norrænir listamenn og aðrir velunnarar verk til safnsins. Meðal þeirra voru Kristján konungur IX. og Lovísa krónprinsessa sem gáfu fyrstu fjögur verkin sem voru skráð inn í safneignina. Hluti hennar var sýndur í barnaskólahúsinu í Reykjavík til bráðabirgða sumarið 1885 en síðan var safninu komið fyrir í Alþingishúsinu. Listasafn Íslands var sjálfstæð stofnun frá upphafi til ársins 1916. Þá varð hún deild innan Þjóðminjasafns. Á listamannþingi árið 1942 var rætt um mikilvægi þess að reisa listasafn og tilkynnti ónafngreindur maður að hann skyldi gefa 15.000 kr. (á núvirði tæpar 3 milljónir) upp í kostnað við að hanna bygginguna. Kom þetta rausnarlega boð hreyfingu á málið og varð til þess að Matthías Þórðarson þjóðminjavörður rifjaði upp hugmynd frá árinu 1930 um að byggt yrði yfir listasafn, þjóðminjar og náttúrugripi. Efri hæð byggingar Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu var því frá upphafi hugsuð fyrir Listasafn Íslands og þangað flutti safnið árið 1950. Árið 1961 voru samþykkt sérstök lög um Listasafnið á Alþingi. Selma Jónsdóttir var ráðin forstöðumaður og varð safnið þá aftur að sjálfstæðri stofnun. Safnið var staðsett við Suðurgötu þar til það flutti í núverandi húsnæði við Fríkirkjuveg árið 1987. Aðalbyggingin var reist sem íshús árið 1916 eftir uppdrætti Guðjóns Samúelssonar en nýbyggingin er verk Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins. Fjöldi rita og gagna hefur verið skrifaður um sögu

safnsins, enda er það elsta listasafn landsins. Árið 2024 fagnar Listasafn Íslands 140 ára afmæli. Á löngum og yfirgripsmiklum starfstíma hefur safnið komið að fjölbreyttum verkefnum og sýnt, rannsakað, miðlað og varðveitt myndlist þjóðarinnar af kostgæfni og metnaði. Fjöldi verka í safneign í dag er um 16.000, þar af eru rúmlega 10.000 pappírsvark. Elsta verkið er frá 16. öld en flest verkin eru frá aldamótunum 1900 og til dagsins í dag.

Alvarlega stöðu húsnæðis- og geymslumála safnsins má rekja marga áratugi aftur í tímann og hafa safnstjórar ítrekað vakið athygli á að þörfinni fyrir að bæta húsnæðis- og varðveislumál Listasafns Íslands svo að safnið geti uppfyllt lagalegar skyldur sínar sem höfuðsafn myndlistar. Selma Jónsdóttir, fyrsti safnstjórinn, sagði að: „... fjárskortur og mannekla hafa sett starfsemi Listasafns Íslands þröngar skorður, þrengri en svo að unnt sé að sinna öllum þeim verkefnum sem lög kveða á um, hvað þá meira. Óhentugur og takmarkaður húsakostur hefur einnig þrengt að starfsemi safnsins.“ Bera Nordal, sem tók við af Selmu sem safnstjóri, benti á að eftir tvö ár á núverandi stað hefði safnið „þegar sprengt af sér allt bakrými, einkum fyrir geymslur, skrifstofur og forvörslu. Safnið vantar einnig sýningarsali, sérstaklega ætlaða nútímaverkum, sem mörg eru mjög stór og plássfrek. Þeim henta best einfaldir og auðbreytanlegir salir“. Bera ítrekaði einnig að „15 árum síðar er þörfin enn brýnni fyrir stærra húsnæði, enda alltaf verið litið á þetta húsnæði [Fríkirkjuveg 7] sem fyrsta áfangi. Það er því verkefni sem verður að leysa á næstu árum“. Þarfir safnsins hafa breyst í áranna rás, eins og safnstjórar hafa bent á, en geymslur safnsins hafa verið of litlar, skrifstofurými fá sem og sýningarsalir. Bera bendir einnig á að fæð sýningarsala og geymslurými hafi komið niður á sýningar- og varðveislugetu safnsins.

Þessi slæma staða húsnæðismála safnsins hefur margsinnis verið ítrekuð allar götur síðan. Ýmsar skýrslur hafa verið gerðar um varðveislu- og sýningarrými safnsins. Má þar nefna að í áfangaskýrslu um nýtingaráætlun árið 1991 var ræddur bráður varðveisluvandi en einnig að safnbygging á Fríkirkjuvegi væri fyrsti áfangi í áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Þar var gert ráð fyrir að safnið eignast í framtíðinni húseignir í kring. Ríkið hefur nú þegar eignast Laufásveg 12, 14 og 16. Á Laufásvegi 14 er ónýtt hús. Á Laufásvegi 16 er ekki bygging en svæðið er nýtt sem aðkoma fyrir safnið. Í áfangaskýrslunni var nefndur möguleiki á að safnið fengi húsakost Kvennaskólans til umráða þegar og ef skólinn flytti. Í skýrslunni „Varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið - Greinargerð og tillögur starfshóps menntamálaráðherra“ frá 1. nóvember 2006 var stækkunarpörf safnsins vegna varðveislurýmis metin samtals um 3840 fermetrar miðað við mat stofnunarinnar á framtíðarpörf (næstu 20-30 ára frá 2006) fyrir geymslurými. Frá gerð þessara skýrslna hefur safneignin stækkað og staðan versnað.

Eins og áður sagði starfar Listasafn Íslands samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012. Í safnalögum nr. 141/2011 er einnig fjallað um Listasafn Íslands sem eitt af þremur höfuðsöfnum landsins. Í lögum er kveðið á um skipulag safnastarfs

Í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að fólki sé veittur aðgangur að honum og stuðlað sé að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn. Í 8. gr. er fjallað um höfuðsöfn. Þar segir að höfuðsöfn landsins séu þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar um fagleg störf og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Höfuðsöfn skulu hafa forystu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna. Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan. Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna. Í reglugerð um Listasafn Íslands nr. 171/2014 er m.a. fjallað um stjórn safnsins, safnstjóra, skipulag, innkaupanefnd, helstu verkefni safnsins, útlán listaverka, gjaldtökuheimild, fjárhag, sýningarhald og aðra nýtingu á húsakynnum safnsins.

Listasafn Íslands starfar einnig skv. siðareglum ICOM – Alþjóðaráðs safna. ICOM er samstarfsvettvangur safna og fagfólks safna sem vinnur að því að varðveita, viðhalda og miðla til alþjóðasamfélagsins náttúru- og menningararfleið heimsins. ICOM hefur gefið út siðareglur sem endurspeglar grundvallargildi sem safnafólk um allan heim viðurkennir um æskilega starfshætti safnafólks.

Árið 2021 gaf Safnaráð út „Stefnumörkun um safnastarf“ sem var unnin í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Stefnumörkunin byggir á b-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011 þar sem segir að Safnaráð skuli í samvinnu við höfuðsöfn vinna að stefnumörkun um safnastarf sem send er ráðherra til samþykktar. Í leiðarljósi stefnumörkunarinnar segir m.a. að það sé sameiginleg ábyrgð samfélagsins að vernda menningar- og náttúruarf landsins, stuðla að faglegri umgengni og tryggja jafnt aðgengi að arfinum. Söfn taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu, þau taka af skarið og skapa samtal um samfélagslega mikilvæg mál. Sterk tengsl safna, safnkosts og samfélags fela í sér drifkraft og verðmætasköpun. Söfn hafa mikilvæga stöðu þegar kemur að fræðslu, skilningi og vitund um menningar- og náttúruarfinn. Þar gegnir mannauður safna lykilhlutverki. Söfn eiga í öflugu samstarfi sín á milli og eins við fjölbreytta aðila, bæði innan lands og utan. Söfn varðveita frumheimildir um menningu, sögu og náttúru landsins og veita aðgang að þeim til framdráttar í rannsóknum, fyrir þekkingaröflun og til ánægju. Söfn eru samfélagslega ábyrg, þau huga að sjálfbærni á öllum sviðum safnastarfs og eru vettvangur nýsköpunar. Að lokum er tekið fram í leiðarljósi stefnumörkunarinnar að söfn starfi eftir siðareglum ICOM.

2. Impressions from the National Gallery of Iceland. A view from abroad by Mikkel Bogh

Considering nine years of service as the director of the National Gallery of Denmark in Copenhagen and as a longstanding collaborator with national galleries in several Nordic and other European countries, I have agreed to participate in the preparation of this report on the National Gallery of Iceland (NGI). With this separate statement, I aim to succinctly convey my impressions of the museum, based on previous visits as a guest and a recent visit with the working group, where I had the opportunity to explore the museum behind the scenes.

NGI holds a significant collection, serving as the sole place where Iceland's national art history can be presented in a cohesive narrative. It also provides a framework for contextualizing contemporary art within a broader art historical context.

NGI's history sets it apart from several other national galleries, being founded on private initiative and only existing as an independent, state-owned cultural institution since 1961. However, as a national gallery its function and role are the same: to build and maintain a national collection, to share, exhibit and research the national artistic cultural heritage. As such, the national gallery in Iceland holds the same value and importance as Iceland's National Museum. There are also important overlaps between these two museums, which can be utilized if they are operated and developed at the same level of ambition and with comparable financial resources. Clearly, this is not the case today.

Upon visiting NGI's two main exhibition venues, Fríkirkjuvegur 7 and Safnahús, what do I observe overall? I see an art museum with great potential, primarily due to the unique character of its collection and its location in Iceland's capital, where two-thirds of the population resides, and the majority of tourists visit. Together, this provides an opportunity to engage many users and visitors. I also see a museum with professional and visionary leadership and staff who, within the given constraints, create excellent exhibitions and fulfill their museum-related tasks.

However, I have, in connection with my visits, discovered a neglected museum. Despite a number of previous reports emphasizing the urgent need for an upgrade in preservation conditions, storage and conservation facilities still appear highly inadequate. In several places, especially in the main building at Fríkirkjuvegur 7, the conditions for storage and conservation work are downright

alarming from a museum professional's perspective. The space here is far too cramped, lacking sufficient climate control and fire protection to serve as a suitable setting for any art collection of value. The physical premises and facilities pose a direct threat to the preservation of the collection. Moreover, the exhibition spaces in the main building have significant limitations. They are suitable for smaller-format art but seem unsuitable for contemporary art often requiring ample space. Finally, it must be noted that access conditions at this address are not up to date: the entrance is hidden away behind other buildings, the café is not in use, leaving a comfortless and unwelcoming impression, and the beautiful location by a lakeside is not utilized to create a significant destination for local and visiting guests. In other words, the building at Fríkirkjuvegur falls far short of the standard one would expect from a national gallery and is a prerequisite for the museum to meet its obligations and unfold its potential as a venue for the presentation and contextualization of the collection. With a major investment in renovation, expansion, and possibly relocation of storage space to more suitable facilities outside the city, Fríkirkjuvegur could become an attractive museum building and home for the national art collection.

Safnahús, the second exhibition building, seems close to unsuitable for displaying art. While its location is not lacking in prestige and centrality, and while an important and indispensable educational space for children is in place and works well as such, its status as a listed building makes it challenging to showcase as a vibrant exhibition space. The rooms are generally very small and while they may provide acceptable conditions for displaying small to medium-sized formats they feel too small and cramped for larger formats. The average ceiling height is just over 3 meters, whereas most modern museum buildings have 4.5 meters, precisely to provide space for the works and accommodate formats with a height over 2 meters. Up under the roof, there are sloping walls, which should not exist in an art museum expected to provide optimal conditions for experiencing, even smaller ones. It is shocking to see some of the collection's finest watercolors and paintings hanging below sloping walls, making it impossible to get close enough. In my personal assessment, the National Gallery of Iceland should abandon Safnahúsið as an exhibition building and instead find or build one exhibition space of at least 4500 m² for both collection display and special exhibitions.

For the NGI to reach its full potential and effectively fulfill its role as a leading institution in the dissemination of Iceland's artistic cultural heritage, a notable increase in ambition is imperative. This entails not only enhancing the physical infrastructure, such as seriously upgrading storage and exhibition spaces, but also establishing a robust financial framework that supports professional marketing, professionalize outreach programmes, and digital communication strategies. By setting a higher level of ambition, the museum can aspire to become a dynamic and internationally recognized hub for art, engaging both local and global audiences in the rich tapestry of Iceland's artistic legacy.

3. Stefnuyfirlýsing Listasafns Íslands – sýn safnstjóra

Opinn vettvangur, samverustaður:

Listasafn Íslands er staður samveru, samkenndar og samræðu en líka íhugunar og ögrunar og allir eru velkomnir. Þar komast gestir í snertingu við kjarna listrænna ferla og fá hvatningu til að spyrja spurninga, mynda sér skoðun og takast á við þær áskoranir sem liggja myndlistarlegri arfleifð til grundvallar.

Sýningar hreyfa við hverjum og einum og samfélaginu sjálfu:

Vel ígrundaðar sýningar eiga erindi við samtímann og geta haft mótandi áhrif á hann. Myndlistin endurspeglar síbreytilegt samfélag og listaflóru og sýningar auka því og dýpka skilning á myndlist og því samfélagi og lífi sem hún er sprottin úr. Sýningar safnsins varpa ljósi á íslenska listasögu, íslenskt samfélag og ólíka menningarheima um allt land, allan heim. Listasafn Íslands er staður uppgötvana, upplifunar og áframhaldandi spurnar. Listasafnið setur íslenska myndlist í samhengi, opnar glugga út í heim, eykur skilning á mannlegu samfélagi og alþjóðlegum listastefnum og tengir þær íslenskum menningarheimi.

Fræðsla og miðlun í gangkvæmum tengslum við rannsóknir og sýningar:

Einn megintilgangur Listasafns Íslands er að auka lífsgæði allra með greiðu aðgengi að myndlist. Með markvissri fræðslu lýkur safnið upp dyrum að heimi myndlistarinnar og örvar til skapandi þátttöku og hlutdeildar í arfleifð myndlistar gegnum mynd- og menningarlæsi. Fræðslan byggir á sýningum safnsins og þeim rannsóknum sem eiga sér stöðugt stað innan þess og utan. Safnið getur leyft sér að vera tilraunasmíðja fyrir ólíkar leiðir og tekur því fræðslan á sig ýmis form og finnur skapandi lausnir í tengslum hugar og handar, í tengslum raun- og netheima og í tengslum stað- og fjarkennslu. Fyrir vikið nær safnið jafnt til þeirra sem eiga auðvelt með að heimsækja það og hinna sem eiga ekki heimangengt.

4. Sýningar- og miðlunarrými

4.1 Sýningar- og miðlunarrými safnsins

Núverandi sýningar- og miðlunarrými og aðstaða Listasafns Íslands er á fimm stöðum: við Fríkirkjuveg, við Laufásveg, í Safnahúsinu við Hverfisgötu, í safni Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti og í safni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi.

Hús safnsins við Fríkirkjuveg er helsta sýningarhús safnsins. Húsakosturinn er að hluta friðað íshús sem reist var árið 1916 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Byggt var við friðaða hlutann eftir teikningum Garðars Halldórssonar og var húsið tekið í notkun 1987.

Heildarstærð safnbyggingarinnar við Fríkirkjuveg 7 er 2.553,9 m². Þar eru fjórir sýningarsalir, alls 903,6 m². Tveir salanna eru í gamla íshúsinu og tveir voru byggðir árið 1987. Salur 1 er 265,6 m² og lofthæð 4,6 m (5,9 m í loftplötu). Salur 2 er 152,3 m² og lofthæð 3,1 m (3,8 m í loftplötu), Salur 3 er 260 m² og lofthæð 1,9 til 5,3 m (salur að hluta undir súð). Salur 4 er 225,7 m² og lofthæð 3,1 m en meiri í bogum í lofti. Á Fríkirkjuvegi er einnig skáli/anddyri, kaffihús (59 m²) og verslun (59 m²). Fyrirlestrarsal (104 m²) hefur verið breytt í varðveislurými vegna brýnnar þarfar á slíku rými. Rými sem var áður opið almenningi og var bókasafn (70 m²) hefur líka verið breytt í varðveislurými. Á Fríkirkjuvegi eru einnig fleiri rými (bókalager, kortalager, vinnusvæði) sem hefur af illri nauðsyn verið breytt í varðveislurými. Á Fríkirkjuvegi eru eingöngu tvö rými sem upphaflega voru hönnuð sem varðveislurými.

Þrátt fyrir að safnið standi við Fríkirkjuveg er aðalinngangur þess við Skálholtsstíg, á bak við Fríkirkjuna. Endurgjöf gesta gefur til kynna að bygging listasafnsins sé ekki nægilega áberandi í götumyndinni við Fríkirkjuveg og Tjörnina, sem verður til þess að gestir rata síður á safnið.



Eins og sjá má á myndunum hér að ofan er aðalinnangangur safnsins er fallinn og illa sýnilegur, hvort heldur er frá Skálhóltsstíg eða Fríkirkjuveg.

Sýningarsalirnir henta vissum sýningum, lofthæð er góð og hússtjórnarkerfi er í húsinu þar sem hægt er að stilla raka og hita fyrir hvert rými og er sá búnaður tengdur öryggiskerfi. Þetta kerfi hefur raunar ekki virkað sem skyldi síðustu ár. Verið er að setja upp nýja lýsingu í söllum en það var mjög aðkallandi og verður því lokið á árinu 2024. Salirnir fjórir eru ólíkir að stærð og gerð. Tveir salir (1 og 2) eru gluggalausir og má því myrkva þá og sýna vídeóverk. Hljóðvist í söllum hentar ekki öllum hljóð/vídeóverkum en með hljóðpanelum hefur verið hægt að breyta hljóðvist eins og hentar hverju sinni. Nokkuð auðvelt er að myrkva sal 3. Salur 4 er með náttúrulegri ofanbirtu sem þykir ákjósanleg fyrir ákveðnar sýningar. Öllum söllum má breyta og hægt er að stúka þá í sundur með því að byggja sérstaka vegg. Ekki er sérstakt kerfi í söllum til að setja upp vegg eins og gjarnan er í söfnum og því þurfa veggir að vera þykkir og efnismiklir til að geta staðið. Þetta er óumhverfisvænt því að iðulega þarf að smíða sérstaka vegg fyrir hverja sýningu. Sumum sýnendum (listamönnum og sýningarstjórum) finnst gólfefnið (viðargólfíð í þremur söllum) takmarka möguleika á mismunandi nýtingu, þ.e.a.s. að rýmin henti betur fyrir klassískar málverkasýningar en innsetningar og samtímamyndlist. Öðrum þykja gólfín falleg. Sýningarsalirnir eru nokkrum takmörkunum háðir; arkitektúr, gluggar og gólfefni þeirra eru áberandi og henta því frekar illa mörgum tegundum sýninga. Ekki er flæði á milli sýningarsala þannig að hægt sé að ganga úr einum sal í annan eins og víða er lögð áhersla á við hönnun safna. Í sal 3 er nokkuð þröng aðkoma og því getur verið erfitt að koma stórum verkum þar inn. Eingöngu er í safninu lítil fólkslyfta sem notuð er til að flytja verk í sali 1, 3 og 4. Vatnsleki að utan hefur verið víða í safninu, svo sem í skála/andyri, söllum 2 og 4 og í

bakrými. Mygla hefur komið upp í bakrými. Unnið er að endurbótum á vegum FSRE sem sér um viðhald húsnæðis safnsins.

Á Fríkirkjuvegi eru salirnir (fermetrafjöldi) ekki nægilega margir eða stórir til að hægt sé að setja upp yfirlitssýningu á íslenskri myndlist til lengri tíma, samhliða breytilegum sýningum. Einnig kemur í ljós þegar gestir (einkum erlendir) ræða upplifun sína af heimsókn á Þjóðarlistasafnið að þeir hafi orðið fyrir vonbrigðum því að þeir hafi haldið að þar myndu þeir sjá yfirlitssýningu á listaverkæign þjóðarinnar.

Gestir sem nota hjólastóla komast alls staðar um safnið en ekkert sérmerkt bílastæði er fyrir fatlaða. Engin bílastæði eru sérmerkt safninu en stutt er í bílastæðahús í Ráðhúsinu. Rútur geta ekki stoppað nálægt safninu.

Í marsmánuði 2024 var safninu lokað. Þá voru settar upp nýjar brunahurðir í sýningarsali og nýtingu á skála/anddyri breytt. Kaffistofa var flutt niður á fyrstu hæð og opnað var fyrir gesti út í Hallargarðinn. Útbúin var vinnustofa fyrir almenning (á efri hæð þar sem kaffistofa var áður), safnaverslun var sameinuð afgangi og fatahengi færð í kjallara. Vonast er til að breytingarnar á rýminu hafi jákvæð áhrif á starfsemi og upplifun gesta.

Við Laufásveg 12 er húsnæði Listasafns Íslands á fjórum hæðum og kjallara, alls 887 m². Safnið fékk húsið afhent árið 2001 og var það mikil bót fyrir safnið. Þá voru skrifstofur safnsins, heimildasafnið og forvörsluverkstæðið flutt á Laufásveg. Skrifstofur og heimildasafn höfðu verið á Fríkirkjuvegi og forvörsluverkstæði í leiguhúsnæði annars staðar á Laufásvegi. Á fyrstu hæð er nú lítið forvörsluverkstæði og ljósmyndastúdíó (um 144 m²). Á annarri hæð er heimildasafn um íslenska myndlist (144 m²). Á heimildasafninu eru geymdar ýmsar heimildir (bækur, kvikmyndir, ljósmyndir, sýningarskrár, greinar o.fl.) um alla íslenska myndlistarmenn, sýningarrými sem hafa verið starfrækt á Íslandi, sýningar á íslenskri myndlist erlendis, sem og ljósmyndir af sýningum safnsins og ljósmyndir varðveittar á filmum af myndlistarverkum. Á heimildasafninu er vinnuástaða fyrir fræðimenn jafnt sem almenning.

Á þriðju hæð eru fundarherbergi og skrifstofur fyrir 8–9 starfsmenn (144 m²). Á fjórðu hæð er kaffistofa og skrifstofur fyrir 3–4 starfsmenn (120 m²). Í kjallara er rými þar sem nýlega fannst mygla og verið er að endurgera það. Þar verður hluti af heimildasafni og varðveislurými fyrir pappírsværk.

Listasafn Íslands fékk Safnahúsið (áður Þjóðmenningarhús) við Hverfisgötu til umráða 2. mars 2021. Var það í kjölfar sameiginlegs minnisblaðs frá safnstjórum höfuðsafnanna. Í húsinu eru sýningarsalir á fjórum hæðum: 12 rými sem eru 40–41 m² þar sem lofthæð er 3,1 m, sýningarrými á efstu hæð, sem er að hluta undir súð, og 148 m² sýningarsalur á 1. hæð. Alls er sýningarrými um 1000 m² (undir súð að hluta). Heildarstærð Safnahússins er 3000 m². Safnahúsið er friðlýst bygging. Friðlýsingin takmarkar möguleika á að kynna starfsemi þess með skiltum og/eða auglýsingaborðum utanhúss. Safnahúsið er kirfilega merkt sem Landsbókasafn. Því reynist erfitt að vekja athygli gesta og gangandi á

starfseminni sem endurspeglast í þeirri staðreynd að þótt margir gangi fram hjá húsinu kallar það ekki á gesti að koma inn. Upplifun fólks er sú að Safnahúsið sé stofnun sem ekki er opin almenningi.



Í húsinu eru tvö fundarrými og fyrrum lestrarsalur Landsbókasafns; þessi rými hafa verið leigð út, t.d. fyrir tónleika, fundi og samkomur hjá ýmsum félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum og stjórnvöldum. Fyrirlestrar og málþing sem safnið hefur staðið fyrir hafa líka verið haldin í lestrarsalnum síðustu misseri. Í húsinu er starfrækt kaffihús. Auk þess eru þar hvíldaraðstaða og kaffistofa fyrir starfsfólk og skrifstofa fyrir 3-4 starfsmenn. Geymslur eru í kjallara. Fólk í hjólastól kemst um húsið fyrir utan þann hluta þar sem nú eru fundarherbergi. Þar er ekki sýningarrými.

Á sýningunni Viðnám sem nú er í Safnahúsinu, eins og fyrr hefur komið fram, eru ríflega 200 verk eftir um 100 listamenn og eru verk tveggja listamanna (Doddu Maggýjar og Önnu Rúnar Tryggvadóttur) innsetningar og fá því meira rými en önnur. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar, sem var í safninu á tímabilinu frá október 2021 til febrúar 2023, voru 209 listaverk eftir 96 listamenn. Verkin á þeirri sýningu voru mörg lítil og engar stærri innsetningar sýndar. Sýningin Viðnám er einkum hugsuð sem fræðslusýning fyrir börn og ungmenni. Þar eru mörg lykilverk íslenskrar listasögu. Sýningin mun standa í fimm ár, til 2027. Gestir hafa látið í ljós ánægju með sýninguna og mörgum þykir mikilvægt að þetta sögufræga hús sé opið almenningi. Það hefur þó ekki enn skilað sér í aðgangstölum í Safnahúsið.

Ákveðnir gallar eru á Safnahúsinu sem sýningarrými fyrir myndlist. Ekki er hægt að raka- og hitastýra sýningarýmum á öruggan hátt og því eru raka- og hitasveiflur miklar sem er slæmt fyrir listaverk. Lítil lofthæð kemur niður á upplifun áhorfandans og flest sýningarrými eru lítil (um 40 m²) og því er ekki

hægt að upplifa verkin nema standa nálægt þeim. Þetta takmarkar upplifun gesta af myndlistinni. Margir gluggar eru í sýningarrýmum sem takmarkar fleti sem hægt er að sýna verk á. Filmur hafa verið settar í glugga til að verja listaverkin fyrir sólarljósi. Á efstu hæð þarf að hengja verkin lágt á veggina og er því erfitt að skoða þau með góðu mótí; áhorfandinn þarf að bogra yfir þeim og þar með fellur skuggi á þau. Hvert rými hússins er stúkað af sem takmarkar flæði á milli sala.



Myndin að ofan sýnir hvernig rými undir súð hentar illa til að skoða verk.

Safn Ásgríms Jónssonar er heimili listamannsins og vinnustofa. Húsið er á þremur hæðum; kjallari, hæð og ris. Grunnflötur hússins er 115 m². Ólíkar sýningar hafa verið settar upp í safninu en iðulega eru þar sýnd verk Ásgríms. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir hjólastóla. Árið 2022 var meðalfjöldi gesta einungis um 10 gestir á dag en í 54 daga ársins kom enginn gestur. Það hefur reynt Listasafni Íslands dýrt að halda safni Ásgríms opnu miðað við fæð gesta. Frá hausti 2023 var ákveðið að hafa opið eftir samkomulagi og fyrir skólahópa.


Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara ásamt heimildum um listamanninn. Fasteignin er í eigu ríkissjóðs og leigir Listasafn Íslands eignina af Ríkiseignum sem fer með miðlæga umsýslu eignarinnar. Í gildi er samningur menningarráðuneytisins við

Rekstrarfélagið Grímu ehf. um útvistun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Safnkostur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er í eigu Listasafns Íslands og í varðveisluhúsnæði sem er í umsjá safnsins. Félagið hefur forgang að verkum til sýninga samkvæmt ákvæðum samnings. Safnið er opið almenningi og eru þar reglubundnar sýningar. Þar hefur fyrrum vinnustofu listamannsins verið breytt í sýningarsal, kaffistofa er þar og íbúð þar sem fjölskylda listamannsins bjó og núna býr ekkja hans þar. Mögulegt er að byggja annað hús á nærliggjandi lóð.

Sýningar- og miðlunarrými, núverandi staða	Brúttó m ²
Listasafn Íslands	960
Frikirkjuvegi 7	
Safnahúsið	1000
Hverfisgötu 15	
Safn Sigurjóns Ólafssonar	320
Laugarnestanga 70	
Safn Ásgríms Jónssonar	115
Bergstaðastræti 74	
Heimildasafn Listasafn Íslands	140
Laufásvegur 12	
Samtals	2535

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá fjölda gesta í samhengi við fjölda sýninga. Gestafjöldi hefur tekið miklum breytingum og nokkur fylgni er milli fjölda gesta og fjölda sýninga. Fjöldi gesta fellur mjög eftir 2013 þó fjöldi sýninga sé mestur 2014.

Fjöldi gesta og fjöldi sýninga



Á árabílinu 2017 til 2020 var gerð tilraun til að hafa sögulega yfirlitssýningu á íslenski listasögu í helmingi sýningarrýmis safnsins á Fríkirkjuvegi. Í gegnum tíðina hefur verið kallað eftir slíkri sýningu og má segja að slík yfirlitssýning sé ein höfuðskylda ríkislistasafns. Yfirlitið gefur til kynna að á þeim þremur árum sem yfirlitssýningin Fjársjóður þjóðar var í húsinu við Fríkirkjuveg hafi sýningardagskráin ekki verið nógu fjölbreytt og því hafi gestum fækkað umtalsvert. Einnig þarf að hafa í huga að safninu var lokað í tvo mánuði árið 2020 vegna COVID og aðgangur takmarkaður 2021. Draga má þá ályktun að sýningarsalir á Fríkirkjuvegi séu of fáir og sýningarrýmið of lítið til að hægt sé að hafa slíka sýningu fasta í helmingi húsnæðis safnsins yfir lengri tíma. Gestir safnsins virðast ekki koma aftur þó að nýjar sýningar séu settar upp í hinum tveimur sölum safnsins.

4.2 Ákjósanleg staða sýningar-, miðlunar- og stoðryma

Ákveðin þróun hefur átt sér stað í safnastarfi í heiminum undanfarin ár. Á það bendir Mikkel Bogh, fyrrverandi safnstjóri ríkislistasafns Danmerkur, Statens Museum for Kunst, sem var beðinn um að taka þátt í greiningu starfshópsins. Hann bendir á að þjóðarlistasöfn hafi þróast frá því að vera eingöngu staðir þar sem fólk horfir á og nýtur myndlistar í þá átt að vera samkomustaðir þar sem fólk hittist, upplifir áhugaverða hluti, tekur þátt í umræðu sem sýningarnar vekja og lærir eitthvað nýtt. Söfnin séu staðir þar sem skoðanir og sýn á samfélagið mótast (kynning fyrir starfshóp í nóvember 2023). Svipuð þróun hefur orðið á bókasöfnum þar sem þau eru ekki bara staðir þar sem fólk fær lánaðar bækur. Mannfræðingurinn Arjun Appaduraj bendir á þessa þróun:

[...] the fundamental contradictions, confusions and conundrums surrounding modern museums are products of a foundational misunderstanding which is about whether the museum is a university, a church, a laboratory, or a place of entertainment. The many debates surrounding museums in Europe and the United States today, including the recent one about the repatriation of objects taken from the sites of Euro-American empire, have roots in our failure to probe whether the museum can be a space for the sacred, the scientific, the educational, and the spectacular, all at the same time.

(Margaret von Oswald ed.: Across Anthropology. Troubling Colonial Legacies, Museums, and the Curatorial, 2020)

Huga þarf að þessum breytingum þegar kemur að skipulagi safns. Í samræmi við alþjóðlega þróun safnastarfs þarf safn að vera staður þar sem fólk getur átt í samræðum, verið samkomustaður (kaffihús eða svæði sem býður m.a. upp á aðstöðu til að afla sér fróðleiks) og staður þar sem skipulögð fræðsla fer fram (fyrirlestrarsalur og vinnustofa).

Á fundi með starfsfólki Listasafns Íslands í október 2023 var rætt um stöðu safnsins og möguleika í húsnæðismálum þess. Einnig var haldinn sérstakur fundur með sýningarnefnd safnsins í sama mánuði þar sem rætt var hversu

mikið rými þyrfti fyrir fasta yfirlitssýningu og breytilegar sýningar. Það er mat starfsfólksins að grundvallarskilyrði sé að gestir safnsins upplifi myndlist við bestu mögulegu aðstæður. Sýningarsalir þurfa að vera tímalausir og einfaldir og þeim þarf að vera hægt að breyta með einföldum og hagkvæmum hætti og með veggjum sem færa má til. Það þarf að vera hægt að setja upp stór og áhrifarík verk en líka lítil og lágvær.

Í umræðum sýningarnefndar safnsins kom fram að setja mætti upp ágæta yfirlitssýningu um íslenska myndlist í um 1000 m² sérhönnuðu sýningarrými. Slík yfirlitssýningin gæfi góða sýn yfir listasöguna. Þar væri hægt að ganga að ákveðnum verkum vísu en aðrir hlutar sýningarinnar yrðu tímabundnir. Dagsbirta yrði að einhverju leyti í ákveðnum rýmum en aðrir salir myrkvaðir. Sum listaverk þola dagsbirtu en önnur ekki og því er nauðsynlegt að blanda þessum þáttum saman. Starfsfólk safnsins hafði yfirlitssýningu Þjóðminjasafns til hliðsjónar hvað varðar stærð en það var mat þess að mikilvægt væri að fara ekki sömu leið og þar er farin, þar sem veggir, gólf og skápar eru naglfastir og erfitt er að breyta sýningunni. Ef yfirlitssýning inniheldur mörg stór verk eða innsetningar þarf stærra sýningarrými, bæði í fermetrafjölda og lofthæð sýningarrýma. Innsetningar og vídeóverk sem safnið á eftir listamenn á borð við Rúrí, Finnboga Pétursson og Ragnar Kjartansson krefjast ákveðinnar lofthæðar og stærðar sýningarsala. Lágmarkslofthæð sýningarrýmis fyrir yfirlitssýningu á íslenski myndlist þarf að vera um 4,2 til 4,5 metrar í sem flestum rýmum. Einnig þarf að huga að rými til að sýna verk Steinu og Woody Vasulka en árið 2014 gáfu þau íslensku þjóðinni heimildasafn sitt og rétt til að sýna öll verk þeirra. Steina er helsti frumherji vídeólistar í heiminum. Vasulkastofa gerir kröfu um myrkvaðan sal með góðri lofthæð og hljóðvist fyrir verk. Sýningarrými fyrir stærri fasta yfirlitssýningu þyrfti að vera 1500–2000 m².

Áhugavert gæti verið að blanda saman heimildasafni og rými fyrir bókverk og pappírsværk þar sem gestir gætu pantað stefnumót við pappírsværk og bókverk eins og víða þekkest á söfnum erlendis. Einnig yrði þar hægt að bregða upp sýningu á bókverkum og pappírsvörkum með nokkuð auðveldum hætti þar sem gert væri ráð fyrir rými fyrir sýningarborð. Hluti þess konar rýmis gæti verið opinn fyrir almenna gesti og annar hluti einungis fyrir gesti sem hafa pantað tíma. Æskilegt væri að slíkt sýningarrými/heimildasafn væri um 200–400 m² og er það ekki inni í fermetrafjölda sem nefndur hefur verið hér að ofan.

Rými fyrir breytilegar sýningar þyrfti að vera um 1000 m². Það er svipað því rými sem nú er á Fríkirkjuveg 7 og hefur frá upphafi verið notað aðallega fyrir breytilegar sýningar.

Í tengslum við uppsetningar sýninga fer fram ýmiss konar vinna. Því þarf bakrými að vera fyrir hendi, t.a.m. móttökurými fyrir listaverk, þökkunaraðstaða og vinnusvæði tengd uppsetningum þar sem starfsfólk safnsins, listamenn, aðstoðarmenn og tæknifólk geta athafnað sig á öruggan og þægilegan hátt. Slíkt rými þyrfti að vera 150–200 m² með 4 metra lofthæð og góðu aðgengi frá götu þannig að stórir flutningabílar gætu ekið beint inn í húsið. Þegar verk koma

erlendis frá koma þau í flutningskössum og gott væri að geta geymt slíka kassa tímabundið á staðnum. Slík geymsla þyrfti að vera 150–200 m².

Þegar skoðað er hlutfall sýningarrýmis af heildarrými bygginganna þá nýtast í Safnahúsinu 34% af rýminu sem sýningarrými og á Fríkirkjuveginum er hlutfallið 35,4%. Hátt hlutfall fer í önnur rými í báðum byggingum en hluti rýmisins við Fríkirkjuveg er varðveislurými. Ætla má að þörf fyrir önnur rými, móttöku (skála), fyrirlestrarsal, kaffihús, fræðslurými, millirými/ganga og salerni, sé um 2000 m².

Sýningar- og miðlunarrými, stoðrými, metin framtíðarþörf	Brúttó m ²
Föst yfirlitssýning	1000–2000
Heimildasafn	200–400
Breytilegar sýningar	1000
Bakrými	300–400
Skáli/fyrirlestrarsalur/kaffihús/fræðslurými	2000
Samtals	4500–5800

Á rýnifundi með starfsmönnum í október 2023 var rætt um þann möguleika að vera á einum stað með yfirlitssýningu/fastasýningu (svipaða þeirri sem nú er í Safnahúsinu) og breytilegar sýningar (eins flestar sýningar sem hafa verið á Fríkirkjuvegi 7) þar sem skrifstofur safnsins væru líka nálægar og/eða innangengt þaðan í sýningarrýmin. Starfslið safnsins er fámennt og eins og starfsemin er nú er því dreift á nokkra staði. Það kostar safnið mikið að halda úti kynningu, skólaþjónustu, þrífum, húsaakerfi, framlínuþjónustu og öðru á tveimur eða þremur stöðum. Mikill ávinningur og slagkraftur yrði af því að hafa allt sýningarrými á einum og sama stað.

Eins og áður segir kemur fram í umsögnum gesta sem koma í safnbygginguna við Fríkirkjuveg að þar reikni þeir með því að sjá yfirlitssýningu á listasögu þjóðarinnar, líkt og iðulega er hægt í ríkislistasöfnum. Eftir að Safnahúsið bættist við húsakost Listasafns Íslands geta safnagestir vissulega skoðað þar hluta safneignarinnar, en þar eru skilyrði til sýninga ekki þau bestu. En ekki gefa allir gestir sér tíma til að fara á báða staði. Af þeim gestum sem kaupa miða í Safnahúsinu fara 76% þeirra líka á Fríkirkjuveg en einungis rúmlega 30% gesta sem kaupa miða á Fríkirkjuveginum fara líka í Safnahúsið. Sami miði gildir á báða staði. Mögulega mun þessi munur jafnast út með tímanum en þó má reikna með að margir gefi sér ekki tíma til að fara á tvo sýningarstaði. Fleiri gestir koma á Fríkirkjuveg en í Safnahúsið. Fjöldi nemenda er meiri í Safnahúsinu en fjöldi almennra gesta meiri á Fríkirkjuvegi.

4.3 Staða innanlands og erlendis til samanburðar

Til að setja fermetra fjölda sýningarrýmis í samhengi er gott að horfa til annarra sambærilegra safna á landinu. Þó er mikilvægt að nefna að safnakostur er ólíkur og þarfir mismunandi.

Listasafn Reykjavíkur er með þrjá sýningarstaði til afnota, Kjarvalsstaði sem eru samanlagt með 948 m² sýningarrými (530 + 418), Hafnarhúsið sem er með 1746 m² og Ásmundarsafn, sem helgað er verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar, er með 424 m². Alls hefur Listasafn Reykjavíkur yfir að ráða sýningarrými sem er 3118 m².

Þjóðminjasafn Íslands er með alls 2618 m² af sýningarrými. Þar af er fastasýningin á 2091 m² og 527 m² eru fyrir breytilegar sýningar.

Listasafn Akureyrar er með alls um 2600 m² til umráða en þar af eru um 800 m² sýningarrými.

Til samanburðar er Listasafn Íslands með 903 m² á Fríkirkjuvegi og um 1000 m² í Safnahúsi eða alls um 1903 m² til sýninga. Eins og áður hefur komið fram er sýningarrýmið í Safnahúsi ýmsum annmörkum háð, undir súð að hluta og á margan hátt óhentugt fyrir listaverk.

Í erlendum samanburði er hægt að horfa til þjóðarlistasafna hinna Norðurlandanna sem þó eru öll mismunandi; í sumum þeirra eru rekin nokkur söfn sem sýna myndlist frá ólíkum tímabilum en í öðrum er eitt safn þar sem öll listasagan er sýnd.

Þjóðarlistasafn Danmerkur á um 15.000 málverk og skúlptúra og um 175.000 pappírsverk. Sýningarrými safnsins er um 10.000 m². Safnið býður upp á tvö svæði fyrir vinnustofur fyrir börn og ungmenni. Upprunaleg bygging safnsins var reist á árunum 1889–1896. Byggingin var mikið endurnýjuð og viðbygging gerð árið 1998 og aðrar viðbætur árið 2018. Nýtt kaffihús/veitingastaður opnaði árið 2018, nýr fjölnotasalur (auditorium) og aðstaða til kvikmyndasýninga opnaði árið 2020, safnverslun var færð til og endurgerð árið 2022. Þjóðarlistasafn Danmerkur nær yfir tímabilið frá 14. öld til samtímans.

Þann 11. júní 2022 opnaði stærsta listasafn á Norðurlöndunum í Osló í Noregi. Hið nýja þjóðarlistasafn Noregs á um 400.000 muni. Nýja safnið var stofnað á grunni fjögurra safna, Ríkislistasafnsins, Nútímalistasafnsins, Hönnunarsafnsins og Arkitektúrsafnsins. Sýningarrými er 13.000 m² í meira en 90 söllum. Vinnustofurými til kennslu eru fimm talsins. Á safninu eru varðveislur- og rannsóknarrými af nýjustu og bestu gerð, og varðveislurými eru á sama stað og sýningarrými, einnig er þar stór fjölnotasalur, aðstaða til kvikmyndasýninga og veitingastaður sem snýr út í garð og býður upp á hágæða og sjálfbærar vörur á viðráðanlegu verði. Þjóðarlistasafn Noregs nær yfir hönnun og myndlist frá 15. öld til dagsins í dag.

Þjóðarlistasafn Svíþjóðar í Stokkhólmi á um 16.000 málverk og skúlptúra, um 800.000 muni alls. Sýningarsvæði safnsins er um 10.000 m². Safnið var

endurnýjað árið 2018; sett var upp ný hita- og rakastýring, sýningarsvæðið var stækkað og bætt við varðveislurými. Á safninu eru varðveislu- og rannsóknarrými af nýjustu gerð, fjölnota salur/fyrirlestrarsalur og nýr veitingastaður. Þjóðarlistasafn Svíþjóðar nær yfir tímabilið frá 16. öld til dagsins í dag. Einnig á ríkið Moderna Museet sem safnar og sýnir verk frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag og ljósmyndir frá 1840 til dagsins í dag. Moderna Museet á 130.000 verk og er um 100.000 þeirra ljósmyndaverk. Sýningarrými er 5000 m² og heildarrými 15.000 m². Safnið var endurgert árið 2004. Á sama stað er líka arkitektasafn.

Þjóðarlistasafn Finnlands er á þremur stöðum (Anteneum, Kiasma og Sinebrychoff) og á um 60.000 verk. Heildarsýningarrými er 9700 m² og heildarrými fyrir varðveisluhúsnæði og önnur rými er 34.000 m². Varðveislurými eru þrjú og var það síðasta (6000 m²) tekið í notkun í byrjun mars 2024. Bygging Kiasma, þar sem nútímasafnið er, var endurnýjuð á árunum 2021–2022 og Anteneum, sem hýsir eldri myndlist, árin 2022–2023. Heildarkostnaður við endurbætur beggja safna voru 7,4 milljarðar. Í bígerð er að opna nýtt safn, Artversum, árið 2025/26 þar sem eingöngu verður sýnd stafræn myndlist.

Á þessari samantekt má sjá að á hinum Norðurlöndunum er unnið jafnt og þétt að því að bæta húsakost og aðstöðu ríkislistasafnanna. Öll söfnin eiga það sameiginlegt að hafa þróast í takt við þarfir samfélagsins.

5. Safneign – varðveisla og þróun

5.1 Hlutverk Listasafns Íslands í verndun og varðveislu

Í myndlistarlögum eru meginhlutverk Listasafns Íslands að safna íslenski myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenski myndlist. Sem höfuðsafn á sviði myndlistar er Listasafni Íslands ekki einungis ætlað að safna myndlist því samkvæmt safnalögum sem tóku gildi árið 2013 skal safnkostur höfuðsafna vera undirstaða fræðslu- og sýningastarfs þess. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna. Í 5. gr. reglugerðar um Listasafn Íslands er þetta hlutverk áréttað. Listasafn Íslands skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar og skrá það, rannsaka, varðveita og miðla, innan lands og utan. Listasafn Íslands skal kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar. Leitast skal við að safnkosturinn endurspegli sem best strauma og stefnur í íslenski og alþjóðlegri myndlist á hverjum tíma. Listasafn Íslands skal afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenski myndlist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknarstarfa. Safnið skal annast fræðslustarfsemi um innlenda og erlenda myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.


Samsetning safnkosts þjóðarlistasafna er almennt fjölbreyttur og er safnkostur Listasafns Íslands þar engin undantekning. Sem dæmi þá má finna í safneigninni ófullgerð verk, skissur, æskuverk og margt fleira sem eru mikilvægar heimildir og vitnisburður um íslenska listasögu. Safnkostur Listasafns Íslands er undirstaða starfsemi safnsins og það er grundvallaratriði að safneignin vaxi í samræmi við framþróun myndlistar á Íslandi. Mikilvægt er að safnkosturinn sé aðgengilegur og varðveittur við bestu hugsanleg skilyrði þar sem hægt er að stunda rannsóknir, setja listaverkin í margs konar samhengi og skila honum áfram í góðu ástandi til komandi kynslóða.

5.2 Innkaup og söfnun verka

Í 5. gr. myndlistarlaga er fjallað um innkaupanefnd safnsins. Á vegum safnsins starfar þriggja manna innkaupanefnd, skipuð af ráðherra til þriggja ára í senn. Innkaupafé safnsins er ákveðið á fjárlögum. Í nefndinni situr safnstjóri, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Innkaupanefndin ákveður kaup listaverka til safnsins. Hún getur heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum. Innkaupanefnd fjallar um gjafir sem Listasafni Íslands eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Safnið má aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf, nema að fengnu samþykki gefanda. Heimilt er að fenginni umsögn

innkaupanefndar að selja listaverk úr eigu Listasafns Íslands í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann er æskilegra þykir að sé í eigu safnsins. Við val innkaupanefndar á listaverkum ber nefndinni að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.


Í töflu hér að neðan má sjá hvernig listaverkum í safninu hefur fjölgað. Gerð er grein fyrir skiptingu á milli keypra verka og gjafa og hver gefandinn er (Gunnlaugur Scheving, Ásgrímur Jónsson, Finnur Jónsson, Guðmunda Andrésdóttir, Sigurjón Ólafsson, Valtýr Pétursson og ÞGIG sem er einkasafn Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.



Ljóst er að safneign safnsins hefur margfaldast en safnið hefur ekki geta brugðist við aukinni sýningar- og geymsluþörf.

5.3 Ákjósanleg staða innkaupa og söfnunar

Í töflu hér að neðan má sjá þróun á innkaupafé eins og það hefur verið ákveðið í fjárlögum frá árinu 1989. Hæst var framlagið miðað við nógildingu árið 1991 eða 15 milljónum hærra en það er nú (appelsínugul lína). Framlög hafa því ekki haldið verðgildi. Í nýrri myndlistarstefnu kemur fram að opinber innkaup á myndlist skuli aukast um 3–5% á ári umfram verðbólgu. Ef sú stefna hefði verið sett árið 1991 væri innkaupafé safnsins í dag 117 milljónir, miðað við 3% aukningu umfram verðbólgu (græn lína). Ef aukning hefði verið 5% þá væri innkaupafé 213 milljónir (ljósblá lína).



Verk allnokkurra íslenskra listamanna eru seld á alþjóðlegum markaði þar sem verð eru mun hærra en hér á landi. Verk eftir sífellt fleiri íslenska listamenn rata nú inn í alþjóðleg söfn. Þessi munur á markaðsverði heima og erlendis hefur verið viðvarandi gegnum árin og má t.d. nefna að málverkið Gullfjöll eftir Svavar Guðnason var keypt til safnsins árið 1989 á 3,3 milljónir sem var þá tæplega helmingur af innkaupafé ársins. Miðað við þá fjármuni sem nú eru til ráðstöfunar er ljóst að safnið á í erfiðleikum með að kaupa verk eftir nokkra virta íslenska samtímalistamenn. Með því að kaupa eitt verk þá tæmist mögulega sá sjóður sem ætlaður er til árlegra innkaupa. Ef horft er til síðasta árs og skoðað hvað safnið hefði þurft að kaupa til að uppfylla lögbundið hlutverk um markvissa söfnun verka þá væri upphæðin í kringum 150 milljónir. Sú upphæð grundvallast annars vegar á því að safnið geti keypt verk á 5–10 ára fresti eftir starfandi listamenn sem eru mikilvægir íslenskri listasögu, en hluti þeirra sýnir og selur á alþjóðlegum markaði, og hins vegar kaupum á lykilverkum eftir látna listamenn sem komu á markaðinn.

Eftir því sem listasaga Íslands verður ítarlegri og lengri þá eru safninu oftast boðin verk eftir eldri listamenn sem mikilvægt er fyrir safnið að eignast til að geta miðlað listasögunni með skýrum hætti. Um leið og slík verk eru keypt minnkar fjárhæðin sem nýtist til kaupa á samtímamyndlist. Íslenski myndlistarheimurinn hefur stækkað á síðustu 10 árum. Fjöldi listamanna sem skráðir eru í Samband íslenskra listamanna hefur á tímabilinu aukist um 32%. Fjöldi gallería sem taka þátt í alþjóðlegum listkaupstefnum hefur aukist og eru nú þrjú til fjögur en lengi vel var aðeins eitt gallerí. Umsóknum myndlistarmanna um starfslaun úr launasjóði listamanna hefur fjölgað um 22% á síðustu 10 árum.

Velta má fyrir sér hvort tímabært sé að endurskoða skipun innkaupanefndar og gefa nýjum vettvangi Listfræðafélagsins hlutverk í innkaupum safnsins. Listfræðafélagið var stofnað árið 2009. Skoða mætti hvort sá sem skipaður er af Sambandi íslenskra myndlistarmanna ætti að víkja fyrir fulltrúa frá Listfræðafélaginu eða hvort sá sem ráðherra skipar ætti frekar að víkja. Með því að hafa fulltrúa listamanna í innkaupanefnd má velta fyrir sér hvort hagsmunatengsl kunni að gera fulltrúum erfitt fyrir en þó má á móti segja að

listamenn þekki listheiminn vel. Í greinargerð frumvarps til myndlistarlaga segir um 5. gr. að nefndin verði skipuð þremur fulltrúum: safnstjóra, einum fulltrúa tilnefndum af SÍM og einum án tilnefningar. Með þessu fyrirkomulagi geti ráðherra séð til þess að innkaupanefndin endurspegli fjölþætta þekkingu og reynslu á sviði myndlistar, t.d. úr fræðasamfélaginu eða atvinnulífi, til viðbótar þeirri yfirsýn sem safnstjóri og fulltrúi samtaka myndlistarmanna leggja af mörkum til starfs nefndarinnar. Starfshópurinn telur mikilvægt að Listfræðafélagið skipi fulltrúa í innkaupanefnd. Nauðsynlegt er að allir nefndarmenn fylgist vel með sýningarstarfi og þekki vel til hræringa í samtímamyndlist og íslenskri listasögu. Breyta þyrfti myndlistarlögum til að þessi tillaga nái fram að ganga.

Frá stofnun safnsins hefur safnstjóri almennt verið eini starfsmaður þess sem borið hefur ábyrgð á þróun safneignar (sbr. skipun í innkaupanefnd). Tryggja mætti betra samhengi í safneigninni með því að auka aðkomu fleiri starfsmanna innan Listasafnsins á innkaupum og móttöku gjafa. Með núverandi fyrirkomulagi er ákvörðun eingöngu í höndum innkaupanefndar sem er skipt út á þriggja ára fresti og safnstjóra sem skipt er um á fimm eða tíu ára fresti. Með því að innleiða kerfisbundið vinnulag þar sem skoðuð eru innkaup á 5-10 ára fresti á verkum eftir þá listamenn sem samstaða er um að séu mikilvægir íslenskri listasögu mætti tryggja betra samhengi. Meta þarf hvort breyta þurfi lagaákvæði um innkaupanefnd svo að hægt sé að virkja með markvissari hætti starfsfólk safnsins í mati á innkaupum verka eða hvort verklagsreglur eða breyting á reglugerð dugi til.

Þá mætti hugleiða hvort innkaupanefnd sé barn síns tíma og hvort leggja ætti nefndina niður. Innan safnsins er fagfólk sem þekkir safneignina vel og er vel treystandi til að sinna þessu verkefni. Starfsmenn safnsins eru í góðu samtali við fræðavettvanginn og atvinnulífið og geta leitað ráða eða stuðnings eftir því sem þörf krefur. Til að opna á fleiri hugmyndir og samtal gæti safnstjóri valið sér ráðgjafa sem kæmu að mögulegum innkaupum og sýningarhugmyndum.

5.4 Staða erlendis til samanburðar

Til samanburðar má nefna að hjá Þjóðarlistasafni Danmerkur er safnið sjálft ábyrgt fyrir innkaupum. Þar er engin innkaupanefnd þar sem slíkar nefndir voru lagðar af um miðbik sjöunda áratugarins. Innkaup, ásamt skráningu, varðveislu, greiningu og rannsóknum, eru hluti af grunnverkefnum safnsins og þarf því starfsfólk safnsins og sérfræðingar þess að sjá um þessi verkefni. Innkaup eru unnin út frá faglegu mati á því hvernig best sé að þróa safneignina og byggjast í meginatriðum á söfnunarstefnu sem unnið hefur verið að innan safnsins. Innkaup eru ákveðin af safnstjóra í samstarfi við umsjónarmann safneignar, rannsókna og varðveislu. Innkaup eru vanalega gerð að tillögu eins eða fleiri sýningarstjóra safnsins. Safnið hefur um 1 milljón danskra króna (DKK) árlega til innkaupa. Það sem upp á vantar, um 4-6 milljónir danskra króna, er safnað í gegnum sjálfstæða sjóði. Söfnunarstefna safnsins er endurnýjuð á um fjögurra ára fresti meðfram almennri stefnu safnsins. Að undanfögnu hefur verið lögð rík

áhersla á að skapa meiri fjölbreytni í safneigninni. Talið hefur verið sérstaklega mikilvægt að safneignin endurspegli breidd danskrar listasenu með tilliti til kyns, aldurs og þjóðarbrotu en einnig miðla og tjáningarforma. List frá Grænlandi og Færeyjum er einnig miðpunktur nýrrar söfnunarstefnu.

5.5 Forsaga og staða varðveislurýma

Í skýrslunni „Varðveislur- og geymslumál menningarstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið – Greinargerð og tillögur starfshóps menntamálaráðherra“ frá 1. nóvember 2006 var stækkunarpörf safnsins vegna varðveislurýmis metin um samtals 3840 m² miðað við mat stofnunarinnar á framtíðarþörf (næstu 20–30 ára) fyrir geymslurými. Síðan þessi skýrsla var gerð hefur safneignin stækkað og staðan í varðveislumálum versnað enn frekar.

Í safneign Listasafns Íslands eru nú tæplega 16.000 verk og bætast sífellt í safnið bæði gjafir og keypt verk. Árið 2022 tók safnið til að mynda við 1400 verkum til framtíðarvarðveislur frá erfingjum Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur sem kennd voru við fyrirtækið Síld og fisk. Til að safnið gæti tekið á móti þeim verkum þurfti að breyta fyrirlestrarsalnum í safnabyggingunni við Fríkirkjuveg í varðveislurými. Árið 2023 var ákveðið að taka á móti rausnarlegri dánargjöf myndhöggvarans Jóhanns Eyfells og þarf safnið líklega að leigja sérstaka geymslu fyrir þau verk á næstu misserum. Glæsileg listaverkæign Landsbankans mun svo að öllum líkindum renna til Listasafns Íslands á næstu árum en þar eru um 700 verk.

Þar sem eitt af lögbundnum hlutverkum safnsins er að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, varðveita hana og miðla, má gera ráð fyrir að fleiri mikilvægar og stórar gjafir gætu boðist safninu í framtíðinni. Mörg vegleg einkasöfn eru til á Íslandi sem ávinningur væri fyrir þjóðina að Listasafnið fengi að gjöf. Meðal þess fyrsta sem metnaðarfullir safnarar listaverka hugsa þegar þeir velja fyrir sér ráðstöfun safna sinna er að verkin verði í góðum höndum og varðveisla þeirra framúrskarandi.

Verk listamanna eru afar ólík að stærð og miserfið hvað varðar varðveislu. Sem dæmi má nefna að stærstu málverkin í eigu safnsins komast ekki fyrir inni í málverkageymslunni og eru geymd í opnu rými þar sem margs konar umgengni ólíkra aðila er óumflýjanleg og er það mjög óheppilegt.


Mikilvægt er að safnið geti keypt og varðveitt þau verk sem endurspeglar sem best strauma og stefnur í íslenskrri og alþjóðlegri myndlist á hverjum tíma, sbr. skilgreiningu á helstu verkefnum safnsins. Það er miður ef aðstaða safnsins og plássleysi í varðveislurýmum fer að ráða för um innkaup. Dæmi um umfangsmikil verk sem safnið hefur eignast á undanförunum árum eru innsetning Gabríelu Friðriksdóttur, *Crepusculum* (2011), innsetning Magnúsar Pálssonar, *Viðtöl um dauðann* (2003), verk Ragnars Kjartanssonar, *Stúka Hitlers* (2006) og *Scandinavian Pain* (2006–2012), og verk Rósu Gísladóttur, *Scutum*, *Glans og Dulcis* (2012). Allt eru þetta öndvegisverk og lykilverk í íslenskrri samtímalist. Miðað við það varðveislurými sem safnið hefur nú til umráða getur

safnið samt vart eignast slík verk né tryggt bestu varðveisluskilyrði fyrir þau verk sem nú þegar eru í eigu safnsins.

Með varðveislurými er átt við geymslurými, forvörslurými, þökkunarrými og ljósmyndarými. Núverandi varðveislurými safnsins er eftirfarandi:

Varðveislurými, núverandi staða	Brúttó m ²
Listasafn Íslands – ýmis rými Frikirkjuvegi 7	421
Safn Ásgríms Jónssonar Bergstaðastræti 74	40
Laugarnesvegur	105
Vatnagarðar	600
Ásbrú	450
Samtals	1616

Sjá má á yfirlitinu að varðveislurýmum safnsins er dreift á marga staði víðs vegar um suðvesturhorn landsins. Þar eru verkin geymd við ófullnægjandi aðstæður (aðgengi, loftræstingu, slökkvibúnaði o.fl. er ábótavant) og í mörgum tilfellum hefur rýmum, sem ekki eru hönnuð sem varðveislurými fyrir listaverk, verið breytt til að bregðast við brýnni varðveislubörf safnsins.



Á myndinni hér að ofan sést hvernig stofngjöf safnsins er geymd í rekkum sem eru ekki hannaðir til að varðveita málverk, undir vatnsrörum og inni á vinnusvæði.

Heildarkostnaður fyrir leigu/notkun á ofangreindum rýmum er um 4 milljónir króna á mánuði. Á síðustu árum hefur safnið ekki fengið aukið framlag vegna leigu á fleiri varðveislurýmum.

Á sama tíma og safneignin vex hefur safnið þurft að sjá á bak húsnæði á jarðhæð á Laugarnesvegi 91. Sumarið 2018 var leigusamningi Listasafnsins á húsinu skyndilega sagt upp og Ríkiseignir leigðu húsnæðið Listaháskólanum sem þar með fékk rýmið aftur til sín. Verkunum sem þar höfðu verið varðveitt var komið fyrir í bráðbirgðahúsnæði. Húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Safnaráðs um varðveisluhúsnæði en erfíðlega gekk að finna með svo skömmum fyrirvara húsnæði undir verkin og var gerður leigusamningur til þriggja ára sem hefur verið framlangdur. Listasafn Íslands tók í notkun árið 2017 annað afstúkað rými á Laugarnesvegi til að leysa úr brýnni þörf á varðveislu verka úr safni Sigurjóns Ólafssonar sem höfðu verið geymd um árabil við slæmar aðstæður á Eyrarbakka. Til að leysa brýnan varðveisluvanda hefur verkum verið komið fyrir í



ýmsum rýmum í safninu síðasta áratuginn, svo sem í kjallara á Fríkirkjuvegi þar sem áður voru bókasafn og fyrirlestrarsalur og rými fyrir korta- og bókalager. Fleiri rými hafa verið tekin í notkun á síðustu misserum. Ekkert þessara rýma var hannað né sérstaklega útbúið fyrir varðveislu listaverka og standast því ekki kröfur þar um. Málverk eru geymd í hillum í stað hreyfanlegra og sérhannaðra málverkarekka. Þar er hættu á að þau verði fyrir hnjaski í hvert sinn sem þau eru dregin fram og takmarka geymsluaðstæður því verulega möguleika á að hægt sé að rannsaka þau.

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá verk geymd í hillum í bráðabirgðahúsnæði á Fríkirkjuvegi þar sem áður var fyrirlestrarsalur og bókasafn. Öll verk í römmum þyrftu að vera í sérgerðum málverkarekkum.

Mikilvægasta undirstaða Listasafns Íslands er safneign þess sem hefur byggst upp á 140 árum. Safnið er hins vegar vanbúið þegar kemur að varðveislumálum þess og lágmarkskröfur um varðveislu listaverka eru víða ófullnægjandi eins og staðan er í dag. Árið 2019 var gerð skýrsla um varðveislumál Listasafnsins af óháðum sérfræðingi. Þá kom í ljós að safnið uppfyllir á engan hátt þær kröfur sem Safnaráð gerir til viðurkenndra safna hvað varðar varðveislurými. Með

Öðrum orðum þá ná þær kröfur sem opinberir aðilar gera til allra viðurkenndra safna á landinu ekki til þjóðarlistasafnsins.



Á myndinni hér að ofan má sjá aðstæður í málverkageymslu í kjallara Ásgrímssafns. Afar erfitt er að skoða verkin og mikil hætta á skemmdum þegar þau eru færð til við þröngar aðstæður.

Núverandi ástand veldur starfsfólki mikilli streitu. Það er lágmarkskrafa sem gerð er til safnafólks að tryggja öryggi safnkostsins og það reynist ómögulegt við núverandi aðstæður. Ekki er hægt að tryggja öryggi verka á öllum þessum ólíku stöðum hvað varðar varnir gegn bruna og vatnsleka né heldur almennt öryggi með tilliti til innbrota og skemmdarverka. Aðgengi að verkunum er víða svo slæmt að afar erfitt yrði að framkvæma viðbragðsáætlun ef neyðarástand skapaðist. Það er mat sérfræðinga safnsins að afar litlu yrði hægt að bjarga út úr flestum listaverkageymslum safnsins á Fríkirkjuvegi, Laugarnesvegi og í Ásgrímssafni. Einnig er erfitt að tryggja öryggi starfsfólks við meðhöndlun verka þar sem óhöpp og slys eru líklegri við svo óviðunandi aðstæður. Í þessum þrengslum þarf oft að forfæra verk sem veldur aukinni hættu á skemmdum. Einnig er hættara við því þegar varðveislustaðir eru margir og verk eiga ekki sinn ákveðna geymslustað að þau séu sett á rangan stað sem veldur margs konar vanda, streitu og tímasóun.

Hluti af varðveislu listaverka felst einnig í umsýslu þeirra í öðrum rýmum, t.a.m. í forvörslu- og rannsóknarrýmum, ljósmyndastúdíói, smíðaverkstæði, geymslu fyrir sýningarbúnað, geymslurými vegna móttöku sýninga annarra safna og vegna útlána, ramageymslu, innrömmunarverkstæði o.s.frv. Í dag eru forvörslurými og ljósmyndun staðsett á Laufásvegi 12 og þyrfti að stækka þessi rými til að þau nýttust safninu betur. Við núverandi aðstæður komast mörg verk ekki inn í forvörslu- og ljósmyndarými þar sem lofthæðin í þeim er of lítil og því erfitt og jafnvel ómögulegt að gera við verkin og forverja þau eða ljósmynda á vandaðan hátt.

5.6 Ákjósanleg staða varðveislurýma

Ekki er gert ráð fyrir að rannsóknar/varðveislurými geti verið á sama stað og sýningarrými og meginhluti skrifstofa, enda býður húsnæðið sem safnið hefur til umráða í dag ekki upp á það eins og fram hefur komið. Á söfnum úti í heimi er varðveislurými oft á öðrum stað en sýningarrými og skrifstofur. Þó hafa líka verið byggð upp söfn á síðustu árum þar sem varðveislurýmið er í sömu byggingum. Ákjósanlegast væri að allt húsnæði safnsins væri á sama stað til að einfalda starfsemina, auka samlegð, hagkvæmni og auka öryggi listaverka.

Með góðu varðveislurými opnast margt konar mikilvægir möguleikar á rannsóknnum á listasögunni og býður slíkt upp á dýpt og gæði í sýningum. Í húsnæðinu sem nú er til staðar eru takmarkaðar aðstæður til rannsókna. Hætt er við að verk skemmist og erfitt er að fá yfirlit yfir safneignina þó svo að hún sé skráð stafrænt með ljósmyndum af verkum. Það skiptir máli að hafa möguleika á að skoða verkin sjálf vegna varðveislu þeirra en líka til að geta upplifað stærð þeirra, efniskennd og áhrifamátt.

Þegar varðveislupörf safna er metin þarf að gera ráð fyrir að varðveislurými séu til margra ára. Rýmisþörf Listasafns Íslands í þessari skýrslu er metin til 30 ára. Sameiginleg skilyrði eiga við um öll listaverkageymslurými og eru þau eftirfarandi:

1. Að eingöngu listaverk séu varðveitt í rýminu og að það sé ekki notað sem vinnurými til annars en varðveislu.
2. Að aðgengi sé öruggt fyrir starfsfólk þegar verkum er komið fyrir í varðveislu og aðgengi sé öruggt að öllum verkum í varðveislurými.
3. Æskileg lofthæð getur verið mismunandi eftir tegund og stærð verka.
4. Æskilegt raka- og hitastig fyrir listaverk er 16–19°C og RH 40–55% nema í filmugeymslu.

Geymslupörf safnsins var metin eftir tegundum verka og hana má sjá á meðfylgjandi töflum.

5.6.1 Tegund verka og geymslupörf

A Málverk			
Staða nóv. 2023 (um 3000 verk)	Æskilegt rými til að hýsa núverandi safnkost við góð skilyrði, m ² nettó	Áætlun næstu 30 árin	Samtals
420 m ² (dreifð í 5 rými þar sem stór hluti verka er í hillum sem er ekki ásættanlegt)	1200 m ²	+ 500 m ²	1700 m ²
Lofthæð 2,7 metrar	Mesta lofthæð í notkun: 3,00 m	Mesta lofthæð í	Hæð: 3,00 m

notkun: 3,00
m

Skilyrði fyrir geymslu A:

- Gluggalaust rými
- Enginn útveggur
- Brunahólf

Frágangur verka í sérhönnuðum málverkarekkum sem eru útdraganlegir, því verður helmingur rýmisins að vera tómur og án hindrana til að unnt sé að draga rekkana fram.

B Málverk í yfirstærð (breidd eða hæð verka er á milli 2,00 m og 4,00 m)			
Staða nív. 2023 (um 80 verk)	Æskilegt rými til að hýsa núverandi safnkost við góð skilyrði	Áætlun næstu 30 árin:	Samtals
Verkin komast ekki í málverkageymslu og eru varðveitt í ýmsum rýmum (um 8 m ²)	100 m ²	+ 100 m ²	200 m ²
	Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m	Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m	Hæð: 3,5 m

Skilyrði fyrir geymslu B:

- Gluggalaust rými
- Enginn útveggur
- Brunahólf

Frágangur verka í sérhönnuðum málverkarekkum sem eru útdraganlegir, því verður helmingur rýmisins að vera tómur og án hindrana til að hægt sé að opna rekkana.

C Pappírsværk. Laus pappírsværk (ekki innrömmuð) sem eru geymd flöt í teikningaskúffum. Einnig eru geymd þar minnstu verkin (t.d. málverk á karton, ál, leður, gler) sem þurfa að liggja flöt. Safnið á um það bil 140 skúffur sem eru staflað upp í 220 cm hæð. Hæð skúffueininga má ekki vera meiri en 1,2 m til að tryggja öruggt aðgengi að verkunum.

C Pappírsværk			
Staða nív. 2023 (Um 10.000 verk)	Æskilegt rými til að hýsa núverandi safnkost við góð skilyrði	Áætluð framtíðarstækkun	Samtals
Ekkert sérrými í dag; staðsett í þremur rýmum,	100 m ²	+ 150 m ²	250 m ²

Um 20 m ²			
	Lofthæð: venjuleg skrifstofuhæð 2,7 m	Lofthæð: venjuleg skrifstofuhæð 2,7 m	Hæð: 2,7 m

Skilyrði fyrir geymslu C:

- Gluggalaust rými
- Enginn útveggur
- Brunahólf

D Textílverk (verk eru geymd á hólkum sem hanga á slá)			
Staða nóv. 2023 (um 80 verk)	Æskilegt rými til að hýsa núverandi safnkost við góð skilyrði	Áætluð framtíðarstækkun	Samtals
Ekkert sérrými í dag, 10 m ²	80 m ²	+ 70 m ²	150 m ²
	Einnig geymt þar á hólkum ljósmyndir og pappírsvrk í yfirstærð sem komast ekki í skúffur.		
	2,7 < lofthæð < 3 m	2,7 < lofthæð < 3 m	2,7 < lofthæð < 3 m

Skilyrði fyrir geymslu D:

- Gluggalaust rými
- Enginn útveggur
- Langir veggir
- Brunahólf

E Skúlpúr (miðstærð; allt að 1,2 m á hæð)			
Staða nóv. 2023 (um 700 verk)	Æskilegt rými til að hýsa núverandi safnkost við góð skilyrði	Áætluð framtíðarstækkun	Samtals
Laugarnesvegur 104 m ²	150 m ²	+ 250 m ²	400 m ²

Lofthæð: 5,4 m	Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m	Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m	Lofthæð: mest 3,5 m
----------------	-------------------------------	-------------------------------	---------------------

Skilyrði fyrir geymslu E:

- Gólfhlötur þar sem hægt er að athafna sig með rafmagnslyftara (4 metrar á milli rekka)
- Gluggalaust rými
- Rafmagnslyftari nauðsynlegur
- Enginn útveggur
- Frágangur verka á hillum
- Brunahólf

F Stór safnkostur (stórir skúlpúrar, stórar innsetningar, þung listaverk)			
Staða nóv. 2023 (um 900 verk)	Æskilegt rými fyrir núverandi safnkost	Áætlun næstu 30 árin	Samtals
Vatnagarðar: 600 m ² H: 4,60 m	Gólfhlötur: 1000 m ² Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m		
Ásbrú: 450 m ² H: 3,50 m Þetta rými hentar mjög illa og er staðsett á áhættusvæði. Þar eru geymd málverk og höggmyndir sem hafa nýlega bæst við í safnkost safnsins	Gólfhlötur: 450 m ² Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m		
		+ 600 m ² Mesta lofthæð í notkun: 3,5 m	2050 m ² Hæð: 3,5 m

Skilyrði fyrir geymslu F:

- Gólfhlötur þar sem hægt er að athafna sig með rafmagnslyftara (4 metrar á milli rekka)
- Gluggalaust rými
- Rafmagnslyftari nauðsynlegur
- Enginn útveggur
- Brettahillur (allt frágengið á bretti, á brettahillum eða bretti á gólfinu)
- Brunahólf

G Filmugeymsla (köld geymsla, undir 10 gráðum)			
--	--	--	--

Staða nóv. 2023	Æskilegt rými fyrir núverandi safnkost	Áætlun næstu 30 árin	Samtals
4 m ²	20 m ²	+ 20 m ²	40 m ²
lofthæð: 2,70 m	lofthæð: 2,70 m	lofthæð: 2,70 m	lofthæð: 2,70 m

Skilyrði fyrir geymslu G:

- Gluggalaust rými
- Loftræstikerfi með kælingu
- Enginn útveggur
- Brunahólf

Samantekt 1

Staða nóv. 2023 Listaverkageymslur alls	Æskilegt rými fyrir núverandi safnkost	Áætlun næstu 30 árin	Samtals
1616 m ²	3100 m ²	+ 1690 m ²	4790 m ²

2 Önnur rými

Rými	Notkun	Æskileg stærð	Æskileg staðsetning
Forvarsla og rannsóknarrými (staða 2023: 60 m ²)	Viðgerð og rannsóknir	250 m ² Lofthæð: 3,5 m	
Ljósmyndastúdíó (staða 2023: 60 m ²)	Ljósmyndun og ljósmyndavinna	150 m ² Lofthæð: 3,5 m	
Smíðaverkstæði (staða 2023: ekki til)	Smíði flutningakassa og ramma	150 m ²	Jarðhæð
Geymsla fyrir sýningarbúnað* (staða 2023: dreift á um það bil 200 m ²)	Sýningarskápar, borðskápar, frístandandi milliveggir, ljósabúnaður, skjáir, stöplar, pallar, plexiglerhjálmar, bekkir, glerplötur o.fl.	400 m ² Lofthæð: 3,5 m	Jarðhæð

Geymslurými vegna móttöku sýninga annarra safna og vegna útlána	Fyrir umbúðir og flutningakassa í eigu safnsins og í eigu safna sem lána verk til safnsins. Í dag: 50 m ² en þyrfti að vera 150 m ² Áætlun: 200 m ²	200 m ² Lofthæð: 3,5 m	Jarðhæð
Rammageymsla (staða 2023: dreift á um það bil 30 m ²)	Safn af gömlum römmum og rammar til sýninga	50 m ²	
Innrömmunarverkstæði (staða 2023: ekki til sem sérrými)	Gengið frá verkum í karton, gler og ramma. Rýmið þarf ávallt að vera hreint og ryklaust	50 m ²	
Rými fyrir einangrun (staða 2023: ekki til)	Þar eru þau verk geymd sem hafa t.d. lent í myglu eða ágangi skordýra	20 m ²	Jarðhæð
Hleðslurými fyrir 2 lyftara (staða 2023: ekki til)		15 m ²	Jarðhæð
Móttaka listaverka og þökkun (staða 2023: ekki til sem sérrými)		100 m ² Lofthæð: 3,5 m	Jarðhæð
Innkeyrslurými fyrir flutningabíl (staða 2023: ekki til)	Mikilvægt er að koma í veg fyrir raka- og hitabreytingar og forðast skal að ferma og afferma flutningabíl úti	100 m ² Lofthæð: 3,5 m	Jarðhæð
	SAMTALS	1485 m ²	

*Með aukinni kröfu um sjálfbærni er mikilvægt að geta endurnýtt efni og búnað sem notaður er í sýningargerð. Safninu hefur ekki verið unnt að framfylgja þessu vegna plássleysis.

Samantekt 2

Nýtt varðveisluhúsnæði: áætlun 2023	Samtals
Listaverkageymslur alls	4900 m ²
Önnur rými*	1500 m ²

Alls	6400 m ²
------	---------------------

***Ekki innifalið:** Bóka-og heimildasafn, tæknirými, skrifstofur, eldhús, kaffistofa, sturtur, snyrtingar, afgreiðslurými, skrifstofa húsvardar, stór lyfta o.fl.

5.6.2 Tillaga að skipulagi á tveimur hæðum í nýju varðveisluhúsnæði

Jarðhæð:

- Geymsla B: Málverk í yfirstærð (verk sem eru 2,00 til 4,00 m á breidd eða hæð)
- Geymsla F: Stór skúlpúr og stórar innsetningar, þung listaverk

Efri hæð:

- Geymsla A: Málverk
- Geymsla C: Pappírsverk
- Geymsla D: Textílverk
- Geymsla G: Filmugeymsla (köld geymsla, undir 10 gráðum)
- Geymsla E: Skúlpúr (miðstærð, allt að 1,2 metrar á hæð) getur verið annaðhvort á jarðhæð eða á efri hæð.

Best er að hafa aðstöðu fyrir forvörslu og ljósmyndun í varðveisluhúsnæðinu. Í heildstæðu varðveislu- og rannsóknarrými þarf að huga að því að þar sé líka rými fyrir skráningu og rannsóknir sem og fundaraðstaða.

5.7 Staða innanlands til samanburðar

Þjóðminjasafnið er með tvö stór varðveislurými; í Vesturvör (2200 m²) og á Tjarnarvöllum (4270 m²). Tvöföld lofthæð er í langstærsta hluta rýmisins á Tjarnarvöllum. Þar eru líka skrifstofur, forvörslurými, rannsóknarrými með tækjabúnaði, ljósmyndastúdíó, smíðaverkstæði, einangrunarrými, skjalasafn, vinnuaðstaða fyrir fræðimenn og móttökurými.

6. Sýningarhald og útgáfa

6.1 Sýningarhald og útgáfa safnsins

6.1.1 Yfirlitssýningar/fastasýningar

Yfirlitssýningar/fastasýningar eru iðulega settar upp í söfnum þar sem safneigninni eru gerð skil þannig að gestir geti öðlast skilning á samhengi lista- og menningarsögu út frá því hvernig sýningin er hönnuð og þeim upplýsingum sem þar eru settar fram. Fastasýning þarf að vera af ákveðinni stærð til að geta gefið gestum nægjanlega yfirgripsmikla sýn á listasöguna. Í sumum söfnum eru fastasýningar sveigjanlegar og taka að hluta reglulegum breytingum. Flest þjóðarlistasöfn setja upp nýja yfirlitssýningu á 10–20 ára fresti.

Með tilkomu sýningarrýmis í Safnahúsinu gafst tækifæri til að setja upp fastasýningu sem mun standa í a.m.k. fimm ár. Á sýningunni sem heitir Viðnám, og fyrr hefur verið nefnd, eru innan við 200 verk. Sýningin er hugsuð sem yfirlitssýning yfir íslenska listasögu en jafnframt sem hugleiðing um stöðu okkar gagnvart náttúrunni, og henni er ætlað að vera þátttökusýning fyrir börn og foreldra. Fræðslustarf í kringum sýninguna hefur aukist umtalsvert en með fastasýningu getur fræðsludeild safnsins unnið ítarlegra námsefni en gert er fyrir tímabundnar sýningar sem hentar skólustarfi vel. Sérfræðingum í fræðslu gefst einnig tækifæri til þess að þróa verkefni yfir langt tímabil sem nýtast skólunum þar sem þau eru unnin út frá aðgengilegum listaverkum. Í slíkri vinnu felast mikil gæði sem skila sér í mikilvægu menningaruppeldi fyrir komandi kynslóðir. Fjöldi nemenda sem hafa komið á safnið hefur vaxið hratt; í janúarmánuði 2021 (Covid) komu 134 börn, í janúar 2022 103 börn, í janúar 2023 475 börn og í janúar 2024 komu 664 börn.

Með fastasýningunni hafa myndast tækifæri fyrir safnið til að vinna markvisst með landsbyggðinni og hafa margir grunn- og framhaldsskólar úti á landi tekið þátt í fræðsluverkefnum á yfirstandandi skólaári. Erfiðara hefur verið að skipuleggja fræðslu fyrir landsbyggðina í kringum tímabundnar sýningar. Fastasýningunni er líka fylgt eftir með fræðslu fyrir fullorðna í formi leiðsagnar. Einnig býður safnið upp á sérstaka fræðslu sem unnin er í samstarfi við Listfræðafélagið. Fastasýning sem þessi er rannsóknartækifæri fyrir þá sem leggja stund á listfræði. Slík sýning tryggir stöðugt aðgengi fyrir almenning og fræðafólk að lykilverkum þjóðarinnar.

Fastasýning opnar möguleika á dýpri tengslum við margs konar samfélagshópa. Má þar nefna verkefni sem nú er unnið að með Dósaverksmiðjunni þar sem nýjum Íslendingum er boðið til samtals og íslenskunáms. Einnig hefur safnið boðið hópum frá Rauða krossinum til samstarfs sem og hópum einstaklinga með alzheimer-sjúkdóminn, og sérstök leiðsögn er fyrir fólk sem er komið á eftirlaun.

Listasafnið fékk síðastliðið vor stærsta styrk Barnamenningarsjóðs til að vinna með skólum um allt land að verkefni sem tengist jöklum í íslenskri myndlist en verkin eru hluti af fastasýningunni Viðnám. Í tengslum við verkefnið vinnur safnið að kennsluefni í samstarfi við myndlistarmenn. Safnið hefur nú þegar gefið út kennsluefnið Sjónarafl sem byggir á völdum verkum af sýningunni Viðnám. Allir kennarar landsins hafa nú aðgang að þessu efni og geta kennt myndlæsi með þeim aðferðum sem þar er lýst.

Þörf er á vönduðu kennsluefni fyrir grunn- og framhaldsskóla í menningar- og myndlæsi. Með fastri sýningu eins og þeirri sem er í Safnahúsinu opnast spennandi tækifæri til útgáfu og eftirfylgni sem verður að öflugri menningarlegri kjölfestu fyrir skólasamfélagið. Nú er sýningin fastur liður á námskeiðum í kennaranámi við Háskóla Íslands og munu kennaranemar í framhaldi vita af sýningunni og geta notað hana og verkin sem þar eru við kennslu eftir útskrift.

6.1.2 Breytilegar sýningar/rannsóknarsýningar

Rannsóknarsýningar eru sýningar þar sem nýjum upplýsingum er miðlað um ákveðna listamenn eða tímabil; listamenn og verk þeirra eru sett í samhengi við listasöguna eða þjóðfélagsbreytingar. Rannsóknirnar eru settar fram í formi sýningar og fylgir þá útgáfa (sýningarskrá) sem dýpkar skilning á sýningunni og setur hana í listsögulegt og menningarlegt samhengi. Slíkar rannsóknir eru tímafrekar en fyrir ríkislistasafn er þetta grundvallaratriði sem er lögbundið. Útgáfur og rannsóknir styðja við almenna þekkingu á myndlist og dýpka listfræðiþekkingu. Án slíkra rannsókna ættum við í raun enga raunverulega listasögu og gætum ekki skilið samhengi sögunnar eða úr hvaða farvegi hún er sprottin. Safnið hefur í gegnum tíðina dregið fram mismunandi sjónarhorn á safneignina með fjölbreyttum sýningum. Má til að mynda nefna sýninguna Listþræði þar sem skoðuð voru textílverk í safnaeign.

Safnið setur stundum upp rannsóknarsýningar sem grundvallast á vinnu utanaðkomandi fræðimanna. Það er hins vegar mikilvægt að fastir starfsmenn hafi svigrúm til rannsókna því að með innanhússrannsóknum byggist upp mikilvægur þekkingargrunnur. Sýningar síðustu ára bera þess merki að takmarkaðir fjármunir hafa verið til að vinna að slíkum rannsóknarsýningum. Það er ekki sjálfbært að byggja rannsóknarsýningar á framlagi utanaðkomandi fræðimanna.

Á undanförunum árum hafa verið settar upp nokkrar sýningar á erlendri myndlist og má þar nefna ljósmyndasýningu Zanele Muholi, sem sett hefur verið upp víða um lönd, og sýningu á verkum Elinu Brotherus en verkin voru áður sýnd í Pompidou-safninu í París. Erlendar sýningar eru kostnaðarsamar, meðal annars vegna mikils sendingar- og tryggingakostnaðar og safninu er því þröngur stakkur skorinn í þessum eignum. Mun dýrara er í dag að fá til landsins hágæða sýningar á erlendri myndlist en var fyrir nokkrum áratugum síðan.

Safnið hefur gefið út 1-4 bækur á hverju ári sem hafa verið í formi sýningarskrár eða námsefnis. Í útgáfum safnsins er áhersla lögð á vönduð skrif, þar sem nýjar upplýsingar eru settar fram um myndlist og samhengi hennar, sem og að myndefni sé vel unnið. Safnið getur sótt um styrki til Bókmenntamiðstöðvar en ekki í safnasjóð og fær ekki niðurgreiðslu stjórnvalda í samræmi við lög um stuðning við útgáfu bóka.

6.2 Ákjósanleg staða


Að mati starfshópsins þyrfti safnið að hafa bolmagn og aðstöðu til að setja upp vel unna og yfirgripsmikla fastasýningu þar sem mikilvæg listaverk gætu notið sín til fullnustu í sérhönnuðu sýningarrými. Á slíkri sýningu væri listasögunni miðlað á kraftmikinn hátt og í tengslum við þjóðfélagsþróun.

Þannig sýning byggist á tímafrekri og ítarlegri rannsóknarvinnu þar sem miðlun hugmynda er þaulhugsuð. Gera þyrfti ráð fyrir að á slíkri sýningu væru 200-300 listaverk. Mikilvægt er líka að hafa kost á að setja upp innsetningar sem taka upp allnokkurt sýningarrými (200-400 m²). Einnig að rými sé nægjanlegt til að hægt sé að setja upp fleiri verk eftir ákveðna listamenn og hægt sé að fjalla ítarlega um ákveðin tímabil í listasöguna þannig að hver kafli sýningarinnar hafi sterka skírskotun til nútímans.

Breytilegar sýningar/rannsóknarsýningar á íslenskri myndlist þurfa að spegla orðræðu líðandi stundar og Listasafn Íslands verður að hafa getu til að fylgja málinu eftir. Með því móti getur safnið gefið áhorfendum möguleika á dýpri skilningi á samtímanum.


Listasafn Íslands á að vera leiðandi í því að móta söguna og umræðuna um myndlist, í endurskoðun á listasögunni og því hvaða listamenn, listastefnur og hugmyndir skipta raunverulega máli þegar horft er til baka en líka þegar horft er fram á veginn. Til að opna glugga út í heim og setja íslenska myndlist í samhengi er nauðsynlegt að safnið geti haldið að minnsta kosti eina sýningu á erlendri myndlist á hverju ári, verið í samstarfi við erlend söfn og komið íslenskri myndlist á framfæri. Rannsóknir í formi sýningargerðar og skrifa um myndlist eru grundvallaratriði til að safnið geti uppfyllt það hlutverk sem því er ætlað.

Á síðustu árum hefur safnasjóði vaxið fiskur um hrygg og hafa mörg metnaðarfull verkefni verið unnin með tilstyrk frá Safnaráði innan viðurkenndra safna. Höfuðsöfnin geta ekki sótt um styrki í safnasjóð. Stórum styrkjum hefur verið veitt til útgáfu, sýningarhalds, uppsetningar erlendra og innlendra sýninga, rannsóknarverkefna, ljósmyndunar og skráningar safngripa, endurmenntunar, fræðsluverkefna og ýmissa annarra verkefna. Meðal stærstu styrkja sem runnið hafa til einstaks listasafns á síðustu árum eru 12,3 milljónir árið 2021 (15 milljónir núvört) sem nemur um tveimur stöðugildum. Öflugur safnasjóður er lífæð faglegs safnastarfs í landinu.




Listasafnið fékk árið 2023 úthlutað 45 milljónum í sérstöku átaki ríkisstjórnar til eflingar höfuðsöfnum og 20 milljónum árið 2021. Ríkið hefur á síðasta áratug verið með flata aðhaldskröfu til allra ríkisstofnana um 2% aðhald af rekstrarfé. Ef það er reiknað upp 10 ár aftur í tímann jafngildir 2% hagræðing um 19% skerðingu. Haustið 2023 var gerð 2% viðbótaraðhaldskrafa til allra stofnana. Þrátt fyrir framlag ríkisins til eflingar höfuðsöfnum þá hafa framlög til Listasafnsins minnkað að raunvirði; ef framlag ársins 2022 er núvirt þá ætti það að vera 756 milljónir fyrir árið 2024 en er 722 milljónir og munar þar um 34 milljónir sem skiptir sköpum fyrir rannsóknargetu og stöðu safnsins.

Í töflunni hér að neðan sést þróun stöðugilda innan safnsins. Árið 2021 tók Listasafnið yfir Safnahúsið sem skýrir fjölgun starfa í móttöku. Með helmingi meira sýningarrými, sem varð til með sýningarhaldi í Safnahúsinu þar sem áhersla er lögð á gagnvirkni, fer mikill tími í viðhald sýningar. Þjónusta við skólahópa vegna sýningar hefur vaxið mikið eins og fram kemur fram í skýrslunni og því var nauðsynlegt að bæta við hálfu stöðugildi í fræðslu veturinn 2022-2023 og aftur hálfu stöðugildi 2023-2024. Með hagræðingu í móttöku (styttri opnunartíma í Ásgrímssafni og því að safnaverslun var sameinuð afgreiðslu) og í öðrum störfum (skrifstofu og skjalavörslu) hefur verið hægt að færa starfsfólk til og bæta við tæplega tveimur stöðugildum í sýningargerð, forvörslu, kynningu og fræðslu. Ekki er hægt að hliðra meira til á næstunni til að auka starfshlutfall í sýningargerð, fræðslustarfi eða vinnu við safnkostinn sem þó er mjög nauðsynlegt ef safnið á að sinna því hlutverki sem því er ætlað.




Skífuritið hér að neðan sýnir skiptingu kostnaðar árið 2022.



Aðgangseyrir 2016-2023

Fjárhæðir í milljónum kr.



Tekjur safnsins eru aðallega af aðgangseyri. Einhverjar tekjur eru líka af söluvörum í verslun og útleigu verka. Núvistar tekjur ársins 2016 eru á móta og tekjur ársins 2023. Fjölgun gesta á árinu 2023 er að mestu til komin vegna fjölgunar nemenda og fjölgunar gesta á opna viðburði þegar ekki er greiddur aðgangseyrir.

Þrátt fyrir að safninu sé þröngur stakkur sniðinn og því ekki gert kleift að sinna hlutverki sínu af nægilegu afli þá hefur aðsókn aukist og komu 80.376 gestir á

safnið árið 2023. Það er næstmesti fjöldi gesta á ársgrundvelli þegar litið er 20 ár aftur í tímann. Aukningin er aðallega vegna tilkomu sýningarinnar Viðnáms í Safnahúsinu.

Ekki er útlit fyrir að safnið geti aflað nægilega mikilla tekna í gegnum aðgangseyri til að fjármagna ný störf. Til að safnið geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt um rannsóknir á íslenskri myndlist og útgáfu þyrfti að bæta við tveimur stöðugildum listfræðings og sýningarstjóra í sýningardeild og einum starfsmanni í umsýslu verka.

6.3 Staða erlendis til samanburðar

Á 10–15 ára fresti vinna flest ríkislistasöfn að nýrri yfirlitssýningu og tekur sú vinna yfirleitt 3–4 ár en getur jafnvel tekið um 5 ár ef þörf er á mikilli rannsóknarvinnu og forvörslu verka. Áætlað er að ný uppsetning yfirlitssýningar taki um fjögur ársverk. Nú stendur til dæmis yfir vinna við nýja sýningu í Statens Museum for Kunst (SMK). Gert er ráð fyrir að fermetrafjöldi yfirlitssýningarinnar verði hinn sami og þeirrar sýningar sem nú stendur uppi. Hins vegar mun einnig opna nýtt rými árið 2025 í SMK Thy á norðvesturluta Jótlands þar sem lítill hluti safneignarinnar verður til sýnis. Sú sýning mun taka árlegum breytingum og tengjast ákveðnum þemum, t.a.m. náttúrunni, sjónum og landafræði.

Við undirbúning yfirlitssýningar í SMK er skipuð sérstök verkefnanefnd sem inniheldur um 6 manns og safnstjóri leiðir hópinn. Útgáfustjóri safnsins, sem sér um sýningarskrá sýningarinnar, er hluti af teyminu til að tryggja tengingu milli hugmyndar sýningarstjórnar, nálgunar í miðlun sýningarinnar, uppbyggingarinnar (hönnunar og smíði) og útgáfu. Verkefnanefndin vinnur með fjórum hópum sem hver um sig ber ábyrgð á ákveðnum þáttum safneignar (evrópsk myndlist, norræn myndlist, dönsk og alþjóðleg nútímalist og samtímalist). Í hverjum hópi er sýningarstjóri, safnakennari og forvörður og jafnvel einnig rannsóknaraðili með sérþekkingu á sviði hópsins og tæknilegir sérfræðingar. Áður en hafist er handa við sjálfa sýningargerðina er vinnan undirbúin með margs konar fundum, samtali og minni ráðstefnum þar sem leitað er til annarra safna og stofnana, fræðimanna innan og utan safnsins, háskóla og sjálfstætt starfandi aðila. Í samtali þessara aðila er spurt hvaða þróun hafi orðið á listfræðilegum rannsóknum á síðustu áratugum, hver þróunin sé í sýningargerð og upplýsingaflæði til áhorfenda og hvernig samfélagið hafi þróast. Rannsóknarspurningar nýrrar fastasýningar í SMK munu meðal annars tengjast loftslagsbreytingum, endurskoðun á sambandi Danmerkur og Grænlands, stöðu Danmerkur og annarra ríkja sem nýlenduvelða og fleira.

7. Kynning og miðlun

7.1 Kynning og miðlun safnsins

Kynning og miðlun skiptist í fræðslustarf og almennt kynningarstarf.

Fræðsludeild Listasafns Íslands stendur fyrir öflugri fræðsludagskrá. Markhópar fræðsludeildar eru börn og ungmenni á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Mikil fjölgun hefur verið í þessum hópum og margs konar samstarfsverkefni unnin. Heimsóknir skólahópa hafa nánast tvöfaldast á milli árána 2022 og 2023. Fræðsludeildin vinnur einnig að öflugu fræðslustarfi fyrir almenna gesti safnsins.

Markmið fræðsludeildar er að gera myndlist aðgengilega svo að allir geti öðlast skilning á myndlist, lært að njóta og skapað myndlist og tekist á við áskoranir lífsins með myndlist að vopni.

Til að ná því markmiði vinnur fræðsludeildin að fjölbreyttum verkefnum og var eins og áður segir bætt við hálfu stöðugildi árið 2022 og aftur hálfu stöðugildi 2023 til að mæta aukinni eftirspurn fræðslutengdra viðburða fyrir skólahópa.

Helstu verkefni fræðsludeildar eru:

- Sjónarafl – rannsóknarverkefni þróað af fræðsludeild þar sem myndlæsi er kennt.
- Kennaralúbbur – þar er unnið með kennarahópum, haldin námskeið og fyrirlestrar og staðið fyrir opnu samtali um mótun hugmynda um myndlæsi og fræðslu um myndlist í safninu og hvernig það getur sem best þjónað skólakerfinu.
- Ísabrot – þróun á öflugu og fjölbreyttu kennsluefni með fjarkennslu; samtímalistamenn kenna myndlist í listasmiðjum í grunn- og framhaldsskólum um allt land, annaðhvort í skólunum, í safninu eða með fjarfundabúnaði.
- Safnaþrennan – samstarf höfuðsafna og kennara í framhaldsskólum þar sem nemendur heimsækja söfn, fá fræðslu og vinna verkefni innan veggja safnanna.
- Önnur verkefni eru almennar leiðsagnir tengdar sérsýningum eða fastasýningum í Safnahúsinu, tímabundnar sýningar í aðalbyggingu safnsins á Fríkirkjuvegi og samstarfsverkefni við aðrar stofnanir eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Endurmenntun HÍ og fleiri.
- Fastir liðir í fræðslustarfsemi safnsins eru viðburðir fyrir almenning á vegum Krakkalúbbs Krumma á laugardögum þar sem 50 foreldrar mæta að jafnaði með börn sín. Boðið er upp á gæðastund fyrir fólk á bestu aldri og Sjónarafl með listfræðingum. Einnig koma lokaðir hópar í heimsóknir á safnið á vegum Alzheimersamtakanna, Rauða krossins og annarra. Fræðsludeildin er einnig í samvinnu við félög heyrnarskertra,

sjöndapra, fólks með geðraskanir og þeirra sem hafa átt við fíknivanda að etja.

Fræðsludeildin vinnur ásamt markaðsdeildinni að almennum fræðslu- og dagskrárliðum á sérstökum menningardögum, svo sem löngum fimmtudögum, safnanótt og menningarnótt. Þessir viðburðir eiga að þjóna sem fjölbreyttustum hópi gesta og ekki síst að vekja áhuga þeirra sem hafa takmarkaða þekkingu á starfsemi safnsins.

Um fjöllum fjölmiðla um menningu og listir hefur dregist mikið saman á síðasta áratug samhliða fækkun og veikri stöðu prentmiðla. Myndlistarmiðstöð fékk í nýrri myndlistarstefnu það hlutverk að fylgjast með fjölmiðlaumfjöllun um myndlist. Í breyttu landslagi er því mikilvægt að menningarstofnanir nýti nýjar leiðir til að miðla upplýsingum og kynningu á myndlist til almennings. Ef staða miðlunar og fræðslu er borin saman þá er ljóst að auka má margs konar miðlun til almennings, fjölga almennum leiðsögnum og öðrum viðburðum.


Vegna fámenns starfslíðs hefur ekki verið hægt að ráða sérstakan kynningarstjóra og hafa kynningarmál því verið á könnu markaðs- og þróunarstjóra sem einnig er yfirmaður móttöku. Við endurskipulagningu starfa sumarið 2023 hefur aukin áhersla verið lögð á virkari notkun samfélagsmiðla og hefur sýnileiki safnsins aukist við það. Kynning og miðlun fara fram í gegnum heimasíðu, fréttabréf og samfélagsmiðla (Instagram og Facebook).

Árið 2022 var mikil vinna lögð í að búa til nýtt útlit fyrir kynningarefni sem unnið er að í safninu í kringum sýningar og samskipti. Nýtt lógó var búið til, ný heimasíða og allar upplýsingar í tengslum við sýningar voru endurhugsaðar. Sú breyting hefur haft í för með sér nýja, jákvæða og sterka ímynd sem safnið fylgir eftir í öllu kynningarstarfi.

Miðlun myndlistararfsins í gegnum safnbúðina má ekki vanmeta. Safnið lítur á safnbúðirnar sem tækifæri til að gera myndlistina aðgengilega fyrir almenning í formi veggspjalda, korta, ýmiss konar útgáfu og gjafavara. Með þeim vörum getur myndlistin orðið hluti af daglegu lífi fólks.

Aðsókn gesta er helsti mælikvarðinn á hvernig safnið nær til almennings og snýr því kynningarstarfið að því að auka hana. Áhugavert er þó líka að skoða mælingar á viðhorfi almennings til safnsins og hvort almenningur þekki til þess. Safnið hefur frá árinu 2019 tekið þátt í reglulegum mælingum Gallup. Þar kemur í ljós að þekking almennings á Listasafninu, byggð á vörumerki þess, er töluverð og stendur Listasafn Íslands t.d. sterkar en Listasafn Reykjavíkur að því leyti. Þegar skoðað er viðmót til Listasafnsins kemur í ljós að um 24% aðspurðra eru jákvæðir og 40% frekar jákvæðir gagnvart Listasafninu og stendur safnið þar við hlið Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðminjasafnsins.


Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart þessu vörumerki? - Öll vörumerki



Í sömu könnun kemur í ljós að um 34% þjóðarinnar hafa heimsótt Listasafn Íslands á síðustu þremur árum. Samanburðartölur eru ekki til aftur í tímann.

Sp. 1. Hefur þú komið í eitthvert eftirfarandi safna Listasafns Íslands á síðastliðnum þremur árum?


	Fjöldi	%	+/-
Já, í Listasafnið á Fríkirkjuvegi 17	354	21,4	2,0
Já, í Safnahúsið á Hverfisgötu 15	349	21,1	2,0
Já, í Hús Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74	221	13,4	1,6
Nei, hef ekki komið í neitt safna Listasafns Íslands á síðustu þremur árum	1.092	66,1	2,3
Fjöldi svara	2.017		
Tóku afstöðu	1.654	96,4	
Tóku ekki afstöðu	62	3,6	
Fjöldi svarenda	1.716	100,0	



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.


Þegar skoðaðar er töflurnar hér að neðan sést að gestum hefur ekki fjölgað jafn mikið á listasöfn á landinu og á önnur söfn. Fylgni er hins vegar á milli fjölda ferðamanna og fjölgunar gesta á öll söfn. Um 70% gesta á Listasafn Íslands eru erlendir ferðamenn. Safnið telur að ferðamenn hafi mikinn áhuga á að sjá yfirlitssýningu úr safneign og að ferðamenn muni forgangsraða tíma sínum til að sjá slíka sýningu. Þannig mætti fjölga gestum safnsins.

Ferðamenn og fjöldi gesta á söfn



Í töflunni hér að neðan sést að gestum safnsins hefur hlutfallslega fækkað miðað við heildarfjölda gesta á listasöfn. Árið 2013 voru gestir safnsins 24% af öllum gestum en fækkar verulega og eru árið 2019 um 11%. Margt veldur minni aðsókn og má þar nefna sýningarvettvang safnsins, sem hefur minnkað hlutfallslega miðað við önnur myndlistarsöfn, lítinn sýnileika í samanburði við aðra og að sýningarprógram safnsins þyrfti að vera öflugra

Hlutfall gesta á Lí af fjölda gesta á listasöfn



7.2 Ákjósanleg staða

Listasafn Íslands ætti að vera meðal fyrstu safna sem koma upp í huga fólks þegar talið berst að myndlist; allir Íslendingar ættu að vita hvar það er staðsett og erlendir gestir ættu að forgangsraða heimsókn á safnið. Svo er ekki. Á Listasafnið kemur fjórðungur þess fjölda gesta sem sækja heim Listasafn Reykjavíkur og 40% færri gestir en heimsækja Þjóðminjasafn Íslands.

Þegar Listasafnið flutti á Fríkirkjuveg árið 1987 stóðu Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur jafnfætis þegar litið er til stærðar sýningarrýmis en síðan hefur Reykjavíkurborg jafnt og þétt byggt upp og aukið slagkraft Listasafns Reykjavíkur. Gestafjöldi á Listasafn Íslands á árunum 1990–1992 var 61.000–80.700. Ekki reyndist unnt að finna sambærilegar tölur frá Kjarvalsstöðum frá þessum tíma en árið 2004, eftir að Hafnarhúsið var tekið í notkun, voru gestir Listasafns Reykjavíkur orðnir 160.000. Á sama tíma voru gestir Listasafns Íslands 31.000.

Safnið þarf að verða spennandi og ákjósanlegur áfangastaður. Listasafn Íslands þarf að hafa meira bolmagn og ná að þróa jafn sterka og áhugaverða dagskrá fyrir almenning og fræðsludeild þess gerir fyrir skóla og sérhópa. Söfn snúast um að varðveita menningararfinn en það er ekki til mikils ef starfsemi safna nær ekki til almennings. Efla þarf og þróa þá starfsemi sem snýr að samtali við áhorfendur og upplifun þeirra. Leitað verður nýrra leiða til að fá fólk í safnið og tryggja þarf aðgengi fyrir alla svo að gestir finni að safnið tilheyri þeim og þeir kjósi að koma aftur og aftur.

7.3 Staða erlendis til samanburðar

Á Þjóðarlistasafni Dana er um helmingur gesta erlendir og um helmingur danskir. Safnið er eitt af fimm mest sóttu menningaráfangastöðum Danmerkur ásamt Tívolíinu, Louisiana-safninu, Þjóðminjasafninu og listasafninu Glyptoteket.

8. Forystuhlutverk og þróun

8.1 Forystuhlutverk safnsins

Í safnalögum frá 2011 er kveðið á um að höfuðsöfnin séu þrjú, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Þar er kveðið á um hlutverk höfuðsafna sem er að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um safnastarf í landinu, stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði, hafa forystu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfnin eiga að leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna og annast kynningu á sérsviði sínu, innan lands og utan. Auk þess sitja safnstjórar höfuðsafnanna í Safnaráði og hafa þar ráðgjafarhlutverk en ekki atkvæðisrétt.

Höfuðsöfnin hafa komið að vinnu við gerð sameiginlegrar stefnumörkunar allra safna í landinu og aðgerðaráætlunar í kjölfarið. Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið hafa bæði unnið að samræmdri stefnu, hvort á sínu sviði.

Höfuðsöfnin eru ólík og er staða þeirra gagnvart sérsviði sínu líka mismunandi. Alls hafa 47 söfn hlotið viðurkenningu Safnaráðs. Þjóðminjasafnið hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart 30 söfnum, Listasafn Íslands gagnvart 11 söfnum, Náttúruminjasafnið gagnvart 4 söfnum og 2 söfn gætu fallið undir bæði Listasafnið og Þjóðminjasafnið. Önnur listasöfn leita til Listasafnsins eftir ýmiss konar ráðgjöf, t.d. á sviði skráningarmála og forvörslu.

Listasafn Íslands veitir ráðgjöf þegar Minjastofnun berast óskir um útflutning listaverka sem eru eldri en 50 ára. Þegar grisja á verk eða ráðstafa þeim úr safneign viðurkenndra listasafna er það gert í samráði við Listasafn Íslands og Safnaráð. Þegar nauðsynlegt hefur verið að bjarga safngripum eða listaverkum vegna náttúruhamfara þá hafa höfuðsöfnin gegnt forystuhlutverki. Samkvæmt stefnumörkun um safnastarf á Listasafn Íslands að taka á móti stefnumörkun viðurkenndra listasafna á fjögurra ára fresti.

Til að auka sýnileika á íslenskri myndlist erlendis vinnur safnið með utanríkisráðuneytinu og eru verk úr safneign safnsins í 20 sendiráðum Íslands. Einnig lánar safnið verk til ráðuneyta, Alþingis, forsetaembættisins og fleiri stofnana.

8.2 Ákjósanleg staða

Sem höfuðsafn á sviði myndlistar hefur Listasafn Íslands hug á að sinna landsbyggðinni með reglubundnari hætti en verið hefur. Þegar hafa nokkrar sýningar verið skipulagðar utan höfuðborgarsvæðisins sumrin 2024 og 2025.

Fræðslustarf er nú þróað með þeim hætti að landsbyggðin getur betur nýtt sér fræðslutilboð og verkefni sem safnið vinnur að. Það er gert með fjarkennslu, miðlun efnis á netinu og í bókaformi.

Í safninu er veglegt heimildasafn þar sem finna má margs konar heimildir um sýningar og listamenn sem hafa starfað á Íslandi (bækur, sýningarskrár, bæklingar, textar, ljósmyndir, kvikmyndir og fleira). Heimildasafnið er aðgengilegt fyrir almenning en heimsóknum þangað hefur fækkað á undanförunum árum. En á sama tíma hefur safnið, í samstarfi við Landsbókasafnið, unnið að því að setja sýningarskrár yfir á stafrænt form. Nú þegar hafa sýningarskrár úr heimildasafninu fram til ársins 1980 verið gerðar aðgengilegar á netinu. Æskilegt væri að safnið gæti sett meira efni á netið á næstu árum. Nú er unnið að því að setja sýningarsögu safnsins frá upphafi á netið.

Sem höfuðsafn ber safninu skylda til að rannsaka íslenska myndlist. Efla þarf það starf til muna eins og getið er um í kaflanum um sýningarhald.

Sem höfuðsafn hefur Listasafnið skyldum að gegna gagnvart viðurkenndum myndlistarsöfnum þar sem því er ætlað að sinna ráðgjöf og efla samvinnu listasafna. Mörg listasöfn er fámenn og því gæti öflug ráðgjöf, samtal og samvinna eftl fagmennsku og gæði allra safna. Til að Listasafnið geti sýnt frumkvæði og aukið ráðgjöf og samtal þyrfti að bæta við tveimur sérfræðistöðum í skráningu og forvörslu.

Segja má að hugtakið höfuðsafn sé stórt og því fylgi ákveðnar væntingar frá myndlistarumhverfinu sem starfsfólki safnsins hefur ekki verið gert kleift að standa undir. Listasafnið er ekki stærsta listasafn landsins og ef það á að hafa forystuhlutverk þá þarf að vera bolmagn og tími til að vinna þau verkefni sem þar falla undir.

8.3 Staða erlendis til samanburðar

Í dönskum safnalögum eru skilgreind hlutverk höfuðsafna svipuð. Hugmyndir um höfuðsöfn eru þó að breytast með tímanum. Í dag felst hlutverk höfuðsafnanna þriggja fyrst og fremst í því að vera í góðu samstarfi og samtali við önnur söfn á hverju fagsviði fyrir sig, líkt og gert er hér á landi. Áður fyrr var höfuðsöfnum Danmerkur ætlað yfirstjórnarhlutverk en það hefur verið lagt af. Í staðinn hefur verið lögð áhersla á samstarf og samvinnu milli safna.

Þjóðarlistasafn Dana hefur ekki skilgreint hlutverk þegar kemur t.a.m. að fölsun verka en er stjórnvöldum til leiðsagnar og ráðagerðar.

9. Valkostagreining og tillögur

Niðurstaða starfshóps er að metin heildarþörf sýningar- og miðlunarrýmis sé 4500–5800 m² og varðveisluhúsnæðis 6400 m². Næsta skref er að vinna frumathugun þar sem fjallað verði um valkosti, þeir kostnaðarmetnir og einn þeirra valinn til frekari útfærslu. Frumathugun getur eftir atvikum líka fjallað um tímabundnar ráðstafanir sem ráðast þurfi í meðan framtíðarlausn frumathugunar verður að veruleika.

Meðfylgjandi eru tillögur starfshóps um mögulega valkosti til að bregðast við núverandi ástandi safnsins:

Eitt varðveislurými fyrir allan safnkost Listasafns Íslands

Brýnast er að bregðast við bráðavanda safnsins í varðveislumálum með því að byggja/finna húsnæði þar sem öll safneignin getur verið undir sama þaki í sérhönnuðum listaverkageymslum. Ekki er gert ráð fyrir að hægt verði að koma slíku varðveislurými fyrir í því húsnæði sem sýningarrými safnsins eru í núna. Sá kostur er þó ávallt vænlegastur, þ.e. að varðveislu-, sýningar- og skrifstofurými séu á sama stað.

Mikilvægt er að varðveislurýmið verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu til að forðast kostnað og óþarflega mikinn ferðatíma, bæði fyrir starfsfólk og við flutning verka. Valkostir hér að neðan um aukið sýningarrými geta á engan hátt komið til móts við varðveisluparfir safnsins.

Aðrar tillögur eru eftirfarandi:

Viðbygging við húsnæðið við Fríkirkjuveg

Möguleikar felast í nýbyggingu sem tengir saman lóðirnar Fríkirkjuveg 7 og Laufásveg 12–16 sem allar eru í eigu ríkisins. Nýverið kom í ljós að eigendur Skálholtsstígs 2A hafa hug á að selja húsið og lóðina og verður það að öllum líkindum gert á næstu mánuðum. Miðað við núverandi eign ríkisins á lóðum í kringum Listasafnið væri hægt að byggja um 900 fermetra sýningarrými á lóðum Laufásvegs 14 og 16 og á baklóð sem tengist Fríkirkjuvegi. Samkvæmt teikningum sem voru gerðar árið 2012, áður en ljóst var að e.t.v. yrði hægt að kaupa hús við Skálholtsstíg, var gert ráð fyrir sérhönnuðu sýningarrými sem skiptist í fimm hluta á lóðunum við Laufásveg 14 og 16 og á baklóð við Fríkirkjuveg. Ef húseignin við Skálholtsstíg yrði keypt ykjst möguleikar til stækkunar töluvert. Mögulega mætti færa skrifstofur safnsins á Skálholtsstíg og byggja við húsið og yrði þá líka hægt að nýta lóðina við Laufásveg 12 fyrir nýtt sérhannað sýningarrými. Ekki hefur farið fram mat á því hversu mikið sýningarrými gæti myndast með möguleikum á tengingu við Skálholtsstíg en ætla má að það geti verið töluvert, eða um 800–1000 m².

Kostur þess að byggja við húseignina á Fríkirkjuvegi er að nokkur sameiginleg rými eru nú þegar til staðar, t.a.m. anddyri, kaffistofa, afgreiðsla, salerni,

fatahengi og fræðslurými. Með þessum hætti mætti einnig tengja sýningarrými við skrifstofur á Laufásvegi 12. Lofthæð í þessum rýmum gæti verið allt að 4,6 metrar.

Skoða þarf inngang safnsins. Hann er illa staðsettur þar sem hann er núna, á bak við kirkju og nálægt íbúðarhúsum. Skoða mætti þann möguleika að nýta framhlið safnsins fyrir inngang og setja þar upp móttökurými sem gæti teygt sig meðfram íshúsinu gamla og inn í aðalbyggingu.

Rífa þyrfti ónýtt hús á lóð sem er í eigu ríkisins við Laufásveg 14 og þar væri hægt að byggja við sameinaða einingu og nýta það húsnæði sem nauðsynlegt athafnasvæði tengt starfsemi.

Stefnt er að því að Borgarlína muni stoppa beint fyrir framan safnið og þegar mesta tíðnin verður á ferðum munu um 42 rafknúnir strætisvagnar stoppa á hverjum klukkutíma fyrir framan safnið. Ekki er auðséð hvernig aðkoma fyrir rútur yrði og bílastæði eru engin. Athuga þarf með bílastæði fyrir fatlaða.

Huga þarf að því hvernig safnið geti vaxið áfram við Fríkirkjuveg í framtíðinni. Hafa mætti í huga mögulegar breytingar á hlutverki nærliggjandi húsa, t.d. húsnæði Kvennaskólans ef það skyldi losna.

Meta þarf hversu mikið er hægt að breyta núverandi sýningarsölum við Fríkirkjuveg svo að rýmin henti öllum tegundum sýninga. Viðbyggingin þyrfti að rúma varanlega yfirlitssýningu á myndlistararfinum annars vegar og breytilegar sýningar eftir þörfum safnsins hins vegar.

Nýbygging – sýningar- og miðlunarrými

Einn valkostanna gæti verið að flytja alla starfsemi Listasafns Íslands úr þeim byggingum sem safnið hefur nú til umráða og undir eitt þak.

Helstu kostir þess að reisa nýja byggingu fyrir alla starfsemi safnsins eru þeir að rými yrðu hönnuð þannig að þau þjónuðu starfsemi safnsins frá upphafi. Ef hægt væri að koma allri starfsemi safnsins fyrir í einni byggingu myndi það auðvelda og auka hagkvæmni í starfsemi safnsins að öllu leyti. Boðleiðir myndu stytta, öryggi starfsfólks og safngripa ykist til muna og hægt yrði að skipuleggja sýningar með auðveldu aðgengi að safneigninni og öllu starfsfólki safnsins. Hægt yrði að hanna sérhæfð og nútímaleg sýningarrými og varðveislurými sem þjónuðu lögbundnu hlutverki safnsins ásamt því að koma til móts við og styðja þá alþjóðlegu þróun í safnastarfi sem á sér stað í dag. Ein bygging myndi einfalda kynningu á starfsemi og safneigninni. Starfsstöðvar starfsfólks yrðu allar undir sama þaki og því meiri samgangur á milli starfsfólks. Einfaldara yrði að deila þekkingu og vitneskju um störf og áherslusvið starfsfólks. Gert er ráð fyrir að ein bygging myndi efla starfsemi safnsins til muna á þeim sviðum sem starfshópurinn hefur greint.

Stærstu menningarstofnanir höfuðborgarsvæðisins eru í eða í grennd við miðborg Reykjavíkur og því akkur í því að svo verði áfram. Huga mætti að því að

auðvelt sé að sækja safnið heim, hvort sem um er að ræða íbúa landsins eða ferðamenn. Huga mætti að því hvort nýbygging myndi vera á svipuðum slóðum og önnur menningarhús.

Aðrar byggingar sem gætu komið til greina

Dæmi eru um erlendis að opinberum byggingum hafi verið breytt í söfn; t.a.m. má nefna að Tate modern í Englandi var áður raforkuver og Hamburger Bahnhof í Berlín og Orsay-safnið í París voru áður lestarstöðvar. Starfshópurinn ræddi möguleika á því að starfsemi safnsins gæti flutt í aðrar byggingar miðsvæðis en hefur ekki forsendur til að meta þær til hlítar. Ýmsir möguleikar voru þó ræddir.

Heildarrými Landsbankahússins við Austurstræti er 5700 m². Friðaður hluti þess er 1000 fermetrar. Húsið er vel staðsett miðsvæðis og mikilvæg listaverk eru í friðuðum hlutum þess. Lofthæð er hentug í móttökusal. Í þeim hluta sem ekki er friðaður mætti breyta rýmum og auka lofthæð. Tækniskólinn íhugar nú flutning í Hafnarfjörð. Mikilvægt er að svæðið upp á Skólavörðuholti verði byggt upp með áhugaverðum hætti. Heildarfermetrafjöldi þar er 11.500 fermetrar.

Komi til þess að húsnæði sem hýst hefur aðra starfsemi en listasafn verði afhent Listasafni Íslands þarf að meta kostnað og hagkvæmni við mögulega breytingu á húsnæðinu til sýningarhalds og skrifstofa fyrir starfsfólk.

Starfshópurinn ítrekar að horfa verði á mögulegan flutning safnsins í húsnæði sem áður hýsti aðra starfsemi sem varanlega lausn sem leysi þau vandamál sem háð hafa safninu til dagsins í dag. Því þurfi að gæta að því að vandað sé til verka við val á húsnæði.

10. Niðurstöður

Starfshópurinn hafði það að markmiði, samkvæmt lýsingu í myndlistarstefnu, að móta framtíðarsýn fyrir uppbyggingu höfuðsafns á heimsmælikvarða. Starfshópurinn byggði á heildstæðri þarfagreiningu um húsnæðismál, forystuhlutverk, sýningarhald, söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknir, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar eins og segir í aðgerð 5 í myndlistarstefnu.

Fljótlega eftir að hópurinn tók til stafa varð honum ljóst að núverandi húsnæðisaðstaða safnsins heftir getu og framþróun safnsins til að sinna lögbundnu starfi sínu til söfnunar, varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar. Þar af leiðandi getur safnið ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart öðrum söfnum né sinnt forystuhlutverki sínu hvað varðar varðveislu, rannsóknir og miðlun.

Varðveislurými standast hvorki kröfur um öryggi verka né öryggi starfsfólks. Listasafn Íslands fengi ekki viðurkenningu ef það færi í gegnum sömu úttekt og öll söfn á Íslandi þurfa að gera til að fá viðurkenningu Safnaráðs sem safn. Varðveisluaðstæður valda starfsfólki kvíða og tími þess er illa nýttur. Sem höfuðsafn á sviði myndlistar ætti Listasafn Íslands að vera öðrum listasöfnum til fyrirmyndar þegar kemur að varðveislu. Æskilegt rými fyrir varðveisluhúsnæði er um 6400 m².

Bagalegt er að sýningarhúsnæði safnsins hafi í fjölda ára hentað starfseminni illa og að sá húsakostur sem safnið hefur til umráða hafi verið vanræktur. Raka- og hitastýring á Fríkirkjuveginum virkar ekki eins og til er ætlast. Rúður eru brotnar og raki á milli glerja bendir til þess að ekki hafi verið hugsað nógu vel um bygginguna við Fríkirkjuveg.

Safnið hefur ekki aðstöðu til yfirlitssýningar á íslenskum myndlistararfi sem stenst kröfur um miðlun verka. Mikilvægt er fyrir þjóðarlistasafn og höfuðsafn á sviði myndlistar að geta boðið upp á fastasýningu þar sem íslensk myndlistarsaga er sýnd til lengri tíma. Öll þjóðarlistasöfn í kringum okkur hafa slíkar sýningar sem draga að innlendan almenning og ferðamenn. Með því er hægt að byggja upp sterkt orðspor, efla vitund almennings um gildi myndlistar og efla safnkennslu.

Íslenskur listheimur hefur stækkað og eflst á síðustu 20 árum og um leið er listasaga okkar að lengjast. Það er mikilvægt að fjármagn til kaupa á myndlist verði aukið svo að safnið geti sinnt skyldu sinni og endurspeglað trúverðuga listasögu í safnaeigninni.

Æskilegt rými fyrir fastasýningu er að lágmarki 1000–1500 m² og mikilvægt er að á sama stað sé einnig rými fyrir tímabundnar sýningar, heimildasafn, fræðslurými, kaffistofa og fyrirlestrarsalur. Áætluð þörf fyrir sýningar- og miðlunarrými og stoðrými næstu ára er um 4600–5600 m².

Það er skylda safnsins að rannsaka myndlistararfinn til að skila honum áfram til næstu kynslóða og dýpka jafnt og þétt þekkingu á listasögunni. Slíkar rannsóknir þurfa að tala sterkt inn í samfélagið og hafa mótandi rödd í samfélagsumræðunni. Til að safnið geti sinnt þeim rannsóknum og útgáfustarfsemi sem því er ætlað er mikilvægt að bæta við tveimur stöðum sérfræðinga við sýningargerð og rannsóknir og einni stöðu við umsýslu verka.

Til að safnið geti sinnt betur hlutverki sínu sem höfuðsafn með ráðgjafarskyldu og samráðshlutverk er mikilvægt að hægt sé að bæta við tveimur sérfræðistöðum á sviði forvörslu og skráningar.

Safnið virðist ekki hafa getað þróast til jafns við Þjóðarlistasöfn í þeim nágrannaríkjum sem við berum okkur saman við. Safnið á því langt í land með að verða á heismælikvarða eins og segir í aðgerð stefnunnar.

Fræðsludeild safnsins er öflug og hefur tekist að miðla myndlistararfinum til barna og ungmenna í samstarfi við skólasamfélagið, sbr. fjölgun skólahópa.

Listasafn Íslands er sterkt vörumerki. Í viðmóti til Listasafnsins eru 24% aðspurðra jákvæðir og 40% frekar jákvæðir gagnvart Listasafninu og stendur safnið þar við hlið Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Þó virðast allmargir einstaklingar ekki hafa heimsótt safnið síðustu þrjú ár. Listasafn Íslands þarf að auka margs konar miðlun til almennings, fjölga almennum leiðsögnum fyrir almenning og öðrum viðburðum. Listasafn Íslands er safn allra landsmanna og þarf að sinna því hlutverki af ábyrgð og festu. Safnið hyggur á aukið samstarf við landsbyggðina á sviði sýninga og fræðslu.

11. Heimildir

Stofngjöf Listasafns Íslands (Reykjavík, 1994). Listasafn Íslands.

Margaret von Oswald, ed.: Across Anthropology. Troubling Colonial Legacies, Museums, and the Curatorial, 2020.

Stefnumörkun um safnastarf, 2021. Safnaráð.

www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/stefnumorkun%20um%20safnastarf_vefbirting.pdf

<https://icom.is/sidareglur/>

Árbók Listasafns Íslands 1989 (2. árgangur, 1990).

Árbók Listasafns Íslands 1990–1992 (3. árgangur, 1993).

Saga Listasafna á Íslandi, ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2019.

Varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið – Greinargerð og tillögur starfshóps menntamálaráðherra, 1. nóvember 2006.

Áfangaskýrsla um nýtingaráætlun, 1991.

